



ársskýrsla 2016



Söfnunarsjóður
Lífeyrisréttinda



**Söfnunarsjóður
lífeyrisréttinda**
1974-2016



Ársskýrsla 2016

Efnisyfirlit

ÁRSSKÝRSLA

AFKOMA.....	2
LÍFEYRIR.....	3
IÐGJÖLD.....	4
TRYGGINGARFRÆÐILEG STAÐA	5
ÞRÓUN Á VERÐBRÉFAMÖRKUÐUM.....	7
INNLEND HLUTABRÉF.....	7
INNLEND SKULDABRÉF.....	8
ERLEND VERÐBRÉF OG GENGI GJALDMIÐLA.....	9
INNLENT SKULDABRÉFASAFN.....	10
HEILDAREIGNIR OG ÁVÖXTUN.....	11
FJÁRFESTINGARSTEFNA.....	12
LÁN TIL SJÓÐFÉLAGA.....	13
SÉREIGNARSPARNAÐUR.....	14
STJÓRN OG STJÓRNARHÆTTIR.....	15
ÁHÆTTUSTÝRING.....	24
HLUTHAFASTEFNA.....	27
SIÐA-OG SAMSKIPTAREGLUR.....	30
STJÓRN OG STARFSMENN.....	32

ÁRSREIKNINGUR

ÁRITUN OG SKÝRSLA STJÓRNAR.....	34
ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA.....	36
YFIRLIT UM BREYTINGU Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS.....	38
EFNAHAGSREIKNINGUR.....	39
SJÓÐSTREYMI.....	40
TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA.....	41
SKÝRINGAR.....	42
KENNITÖLUR.....	63
DEILDASKIPT YFIRLIT UM BREYTINGU Á HREINNI EIGN.....	66
DEILDASKIPTUR EFNAHAGSREIKNINGUR.....	67
DEILDASKIPT YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI.....	68
REPORT OF THE BOARD OF DIRECTORS.....	76
INDEPENDENT AUDITOR'S REPORT.....	77
STATEMENT OF CHANGES IN NET ASSETS.....	79
BALANCE SHEET.....	80
STATEMENT OF CASH FLOWS.....	81
FINANCIAL INDICATORS.....	82

Afkoma

Ávöxtun Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda á árinu 2016 var 1,9% sem samsvarar -0,2% raunávöxtun. Raunávöxtun sjóðsins síðustu fimm ár er 5,3%, síðustu tíu ár 2,3% og síðustu tuttugu árin er raunávöxtunin 4,6%. Fjárfestingartekjur sjóðsins á árinu námu um 3,0 milljörðum króna. Í árslok var vægi erlendra verðbréfa um 21,1% af eignum sjóðsins og nam raunávöxtun þess eignasafns um -11,6%. Raunávöxtun innlendra hlutabréfa sem vega um 11% af eignum var -2,0%. Innlend skuldabréf skiluðu 4,2% raunávöxtun en þau eru rúmlega 60% eignasafnsins.


Langtímarau návöxtun

Sjóðurinn er langtímafjárfestir sem gefur honum tækifæri til að horfa til langs tíma við val á fjárfestingarkostum. Reynslan hefur sýnt að yfir lengri tíma er þeim umbunað með hærri langtímaávöxtun sem eru tilbúnir að taka á sig verðsveiflur. Meðalraunávöxtun á árunum 1997 til og með 2016 er 4,6%. Tuttugu ára meðalraunávöxtun sjóðsins er því vel yfir því 3,5% ávöxtunarviðmiði umfram vísitölu neysliverðs sem miðað er við í tryggingafræðilegum uppgjörum lífeyrissjóða.


Raunávöxtun

	2016	2015	2014	2013	2012
Hrein raunávöxtun	-0,20%	6,60%	6,70%	6,20%	7,30%
Fimm ára meðalávöxtun	5,25%	5,90%	5,30%	4,70%	0,40%
Tíu ára meðalávöxtun	2,28%	3,20%	3,80%	4,10%	4,50%
Tuttugu ára meðalávöxtun	4,58%	4,95%	4,96%	5,01%	5,05%

Raunávöxtun síðustu 20 árin



Þróun hreinnar eignar til greiðslu lífeyris



Lífeyrir


Með aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda ávinna sjóðfélagar sér rétt til ævilangs lífeyris við starfslok í hlutfalli við greiðslur þeirra í sjóðinn. Auk þess njóta þeir réttar til örorkulífeyris ef orkutap verður meira en 50%. Þá á maki rétt á makalífeyri við fráfall sjóðfélaga og börn hans nítján ára og yngri rétt á barnalífeyri við orkutap eða fráfall sjóðfélaga.

Þróun fjölda lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslna

Lífeyrisþegar voru 13.908 í árslok 2016 og fjölgaði þeim á árinu um 8,6%. Á liðnu ári hófu 1.918 sjóðfélagar töku ellilífeyris samanborið við 1.761 árið áður. Þar af var 601 eða 31% nýrra lífeyrisþega sem hófu töku lífeyris við 67 ára aldur. Lífeyrisþegum hefur fjölgað jafnt og þétt á undanförunum árum. Í árslok 2016 voru lífeyrisþegar alls 13.908 samanborið við 4.011 í árslok 2006 og hefur fjöldinn því rúmlega þrefaldast á einum áratug. Á þessu tímabili hefur lífeyrisþegum fjölgað að meðaltali um 12,8% á ári og lífeyrisgreiðslur á verðlagi í árslok 2016 hækkað að meðaltali um 23,5% á ári. Lífeyrisgreiðslur úr samtryggingardeild námu 3.821 milljón króna og hækkuðu um 10,0% milli ára.

Hlutfall lífeyris af hreinni eign

Stöplariði hér að neðan sýnir hversu stór hluti af eignum sjóðsins fer til greiðslu lífeyris á hverju ári og er því góður mælikvarði á stöðu sjóðsins og aldursamsetningu sjóðfélaga. Hlutfall lífeyris af hreinni eign var 2,7% í árslok 2016. Langt er í að fjölmennustu og réttindamestu sjóðfélagahóparnir fari á lífeyri. Samtals greiddi sjóðurinn 102% af iðgjöldum í lífeyri árið 2016. Myndin sýnir hlutfall lífeyris af meðaltali hreinnar eignar í ársbyrjun og árslok hvers árs.



Fjöldi lífeyrisþega

	2016	2015	Breyting %
Ellilífeyrir	10.793	9.972	8,2%
Örorkulífeyrir	1.739	1.675	3,8%
Makalífeyrir	1.321	1.286	2,8%
Barnalífeyrir	56	52	7,1%
Samtals	13.908	12.985	7,1%

Skipting lífeyrisgreiðslna

	2016	2015
Ellilífeyrir	77,6%	76,8%
Örorkulífeyrir	12,5%	12,9%
Makalífeyrir	9,5%	9,9%
Barnalífeyrir	0,4%	0,4%

Lífeyrisgreiðslur


(m.kr.)	2016	2015	Breyting %
Ellilífeyrir	2.965	2.669	11,1%
Örorkulífeyrir	478	448	6,6%
Makalífeyrir	363	344	5,5%
Barnalífeyrir	15	14	10,0%
Samtals	3.821	3.475	10,0%

Iðgjöld


Lögbundið er að greiða 12% iðgjald til lífeyrissjóðs af öllum launum og reiknuðu endurgjaldi frá 16 til 70 ára aldurs. Skiptist hlutfallið þannig að launþegi greiðir 4% en launagreiðandi greiðir 8%. Eins og neðangreind tafla sýnir hefur orðið nokkur vöxtur á iðgjöldum til sjóðsins. Meginástæður eru aukinn fjöldi sem hefur kosið að greiða til sjóðsins, auknar greiðslur hvers sjóðfélaga og hlutverk Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda í samræmi við 6. gr. l. nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða þar sem kveðið er á um sérstakt innheimtuhlutverk sjóðsins.

Á árinu 2016 greiddu 13.657 einstaklingar iðgjöld til sjóðsins, alls um 3.747 millj. kr. Þá greiddu 2.197 launagreiðendur iðgjöld fyrir starfsmenn sína á árinu. Virkir sjóðfélagar voru 6.571. Samtals hækkuðu iðgjöld um 10,7% frá fyrra ári.

Iðgjöld 2006–2016



Fjöldi virkra sjóðfélaga 2006–2016



Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóðsins er metin árlega af tryggingastærðfræðingi sjóðsins og eru niðurstöður úttektarinnar kynntar í ársskýrslu. Gerð er grein fyrir meginniðurstöðum hennar á yfirliti um tryggingafræðilega stöðu samtryggingardeildar í ársreikningi á bls. 42 og í skýringu 14 á bls. 56. Tryggingastærðfræðingur sjóðsins er Vigfús Ásgeirsson hjá Talnakönnun hf. Hann er ráðinn af stjórn og hefur hlotið viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins.

Hvað felst í tryggingafræðilegri úttekt

Í tryggingafræðilegri úttekt er metið hvort jafnvægi sé milli heildareigna og heildarskuldbindinga sjóðsins. Þannig er annars vegar lagt mat á hreina eign sjóðsins til greiðslu lífeyris ásamt reiknuðu núvirði framtíðariðgjalda virkra sjóðfélaga og hins vegar núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og áætlaðra framtíðariðgjalda virkra sjóðfélaga. Ef mismunur á þessum heildareignum og heildarskuldbindingum reynist meiri en 10% ber að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Sama gildir ef munurinn er umfram 5% í aðra hvora áttina fimm ár í röð. Við núvirðisútreikning væntanlegs lífeyris og framtíðariðgjalda er reglum samkvæmt notað 3,5% ávöxtunarviðmið umfram vísitölu neysluverðs. Ýtarlegar reglur um tryggingafræðilega úttekt eru í lögum nr. 129/1997, m.a. 39. gr., reglugerð nr. 391/1998, samþykktum sjóðsins og leiðbeinandi reglum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um framkvæmd tryggingafræðilegra athugana.

Staða sjóðsins


Tryggingafræðileg staða sjóðsins er nú -1,3% sem hlutfall af heildarskuldbindingum samanborið við 2,6% árið 2015. Lækkun á tryggingafræðilegri stöðu er einkum tilkomin vegna styrkingar íslensku krónunnar sem hefur neikvæð áhrif á ávöxtun erlendra eigna og þróunar á innlendum hlutabréfamarkaði. Jafnframt aukast skuldbindingar vegna þess að nýjar töflur yfir dánarlíkur eru notaðar sem gera ráð fyrir lengri lífaldri. Þrátt fyrir að tryggingafræðileg staða sjóðsins hafi veikst frá fyrra ári er hún samt sem áður sterk og til þess fallin að renna styrkum stöðum undir lífeyrisréttindi sjóðfélaga. Réttindin byggja á lögum og réttindaákvæðum samþykktu sjóðsins, núverandi eignasafni, framtíðariðgjöldum og væntri framtíðarávöxtun. Sjóðfélagar bera því áhættu af ávöxtun eigna sjóðsins. Sá lífeyrir sem þeir vænta getur orðið lægri eða hærri eftir því hvernig til tekst að ávaxta eignir sjóðsins til framtíðar. Þá hafa ýmsir lýðfræðilegir þættir áhrif á getu sjóðsins til að greiða lífeyri þar sem sjóðurinn er samtryggingarsjóður sem veitir rétt til ævilangs lífeyris, örorkulífeyris, makalífeyris og barnalífeyris. Þróun ævilengdar sjóðfélaga og tíðni örorku eru meðal helstu lýðfræðilegu áhættuþátta sem geta haft áhrif á fjárhæð mánaðarlegs lífeyris sjóðfélaga. Einnig hafa þættir eins og hjúskaparstaða og barneignatíðni áhrif.

Þróun ævilengdar

Þróun ævilengdar íslensku þjóðarinnar hefur verið mikið til umræðu í tengslum við lífeyrisréttindi. Eins og fram hefur komið í þeirri umræðu lifa landsmenn nú almennt lengur en áður. Fjallað er um þróun mannfjöldu og lífaldurs í mannfjöldaspá Hagstofu Íslands fyrir árin 2016 til 2065. Breytingum á kyn- og aldurssamsetningu mannfjöldans er gjarnan lýst með svokölluðum aldurspýramída en gert er ráð fyrir að fjölgun verði í nær öllum aldurshópum á milli árána 2016 og 2065, en þó einkum í elstu aldurshópunum.

Viðbúið er að lífeyrissjóðir þurfi að taka beint tillit til lífaldursþróunar undanfarinna ára sem og væntinga um áframhaldandi hækkun lífaldurs þjóðarinnar. Lengri lífaldur leiðir til þess að sjóðfélagar fá greiddan mánaðarlegan lífeyri í lengri tíma en áður var gert ráð fyrir. Því er óhjákvæmilegt að mánaðarlegur lífeyrir lækki ef ekkert frekar verður aðhafst.

Tryggingafræðileg staða SL




Þróun á verðbréfamörkuðum

Innlend hlutabréf


Á árinu 2016 lækkaði OMXI8 hlutabréfavisitalan (sem samanstendur af 8 félögum) með arði um 6,9% og OMXI vísitalan (öll hlutabréf) með arði um 4,7%. Hlutabréfasafn SL lækkaði til samanburðar um 3%. Mikil styrking krónunnar á árinu 2016 átti stóran þátt í lækkun á hlutabréfavisitölunum þar sem stærstu félögin í Kauphöllinni gera upp í erlendri mynt. Þau félög sem gera upp í krónum skiluðu almennt góðri ávöxtun á árinu 2016.

Þróun OMXI8 og OMXI vísitölum árið 2016




Hlutabréf Skeljungs voru skráð í Kauphöllina og var það eina félagið sem var skráð á árinu. Heildarvelta með hlutabréf í Kauphöll Íslands jókst úr 390 ma.kr. árið 2015 í 558 ma.kr. árið 2016.

Verðbreyting hlutabréfa í Kauphöll Íslands árið 2016



Markaðsvirði hlutafélaga í Kauphöll Íslands í árslok 2016




Þrjú stærstu félögin gera upp í erlendri mynt og fimm af sjö stærstu gera upp í erlendri mynt. Markaðsvirði allra skráðra félaga á markaði var 958 ma.kr. í árslok 2016 samanborið við 1.006 ma.kr. í árslok 2015.

Innlend skuldabréf

Verðbólga hélst lág út árið og var 12 mánaða verðbólga 2,1% í lok ársins og því undir markmiði Seðlabankans. Styrking krónunnar hafði þar mikil áhrif, þar sem innflutt verðhjöðnun hélt verðbólgunni niðri á móti miklum hækkunum á húsnæðisverði. Seðlabankinn lækkaði stýrivexti tvisvar á árinu sem dró ávöxtunarkröfu á Ríkissjóð niður. Ávöxtunarkrafa RÍKB 31 (óverðtryggt ríkisverðbréf) var 5,82% í ársbyrjun en endaði árið 2016 í 4,99%. Verðtryggða ávöxtunarkrafan hreyfðist lítið milli áramóta þó hún hafi sveiflast innan ársins. Ávöxtunarkrafa HFF44 (verðtryggt Íbúðabréf) var í ársbyrjun 2,57% en endaði í 2,61% í árslok. Verðbólguvæntingar á markaði eru lágar fyrir komandi mánuði fyrst og fremst vegna áframhaldandi væntinga um styrkingu krónunnar.


Þróun stýrivaxta SÍ og 12 mánaða verðbólgu



Erlend verðbréf og gengi gjaldmiðla


Ávöxtun á erlendum mörkuðum var almennt góð árið 2016. MSCI world vísitalan hækkaði um 7,5% í dollurum. Í krónum talið lækkaði hún þó um 6,4% þar sem krónan styrktist á móti dollar um 12,9% árið 2016. Lífeyrissjóðir fengu heimild til að fjárfesta 85 ma.kr. erlendis árið 2016. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda nýtti sína heimild að fullu.

Próun MSCI World í USD og ISK



Krónan styrktist um 12,9% á móti dollar (USD), um 15,7% á móti evru (EUR) og um 27,7% á móti sterlingspundi (GBP). Mikil fjölgun ferðamanna til landsins á stóran þátt í styrkingu krónunnar á móti helstu gjaldmiðlum. Vænt úrsögn Breta úr Evrópusambandinu gerði það að verkum að GBP veiktist mun meira en aðrar myntir.


Próun krónu á móti helstu gjaldmiðlum



Eignasafn og ávöxtun


Innlent skuldabréfasafn

Innlent skuldabréfaeign SL nam um 87 ma.kr. eða um 62,2% af heildareignum sjóðsins. Stærsti hlutinn af þeim skuldabréfum er með beina eða óbeina ábyrgð ríkissjóðs. Sjóðfélagalán jukust mikið á árinu og hefur það aukið verðtryggingarhlutfall sjóðsins á ný.



Innlent skráð hlutabréfasafn


Hlutabréfaeign SL í innlendum skráðum bréfum nam 14,1 ma.kr. í árslok 2016 eða um 10,1% af heildareignum sjóðsins.



Erlend verðbréf

Erlend verðbréfaeign SL nam 29,1 ma.kr. í árslok 2016 eða um 21% af heildareignum. Í verðbréfasjóðum sem fjárfesta í skráðum hlutabréfum voru 23,8 ma.kr. Í framtakssjóðum sem fjárfesta í óskráðum hlutabréfum voru 4,5 ma.kr. og í skráðum skuldabréfum voru 790 m.kr. Ávöxtun erlendra verðbréfa var góð í erlendri mynt en í krónum talið var hún neikvæð.

Heildareignir og ávöxtun



Nafnávöxtun SL var 1,9% árið 2016 og hrein raunávöxtun var -0,2%. Markmið SL er að ná góðri langtímaávöxtun fyrir sína sjóðfélaga. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar til 5 ára er 5,3%, meðaltal hreinnar raunávöxtunar til 10 ára er 2,3% og meðaltal hreinnar raunávöxtunar til 20 ára er 4,6%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar til 20 ára er með þeim betri hjá íslenskum lífeyrissjóðum og hefur SL aldrei þurft að skerða lífeyrisréttindi.

Eignir SL námu 140,6 ma.kr. í árslok 2016 samanborið við 138,1 í árslok 2015. Af eignum SL eru 78% innlend verðbréf og 22% eru erlend verðbréf. Vægi verðbréfa með ríkisábyrgð hefur minnkað þar sem lítil útgáfa hefur verið síðustu ár. Vægi verðtryggðra eigna fer þó aukist á ný eftir að SL fór að lána meira beint til sjóðfélaga.

Fjárfestingarstefna

Markmið um raunávöxtun lífeyrissjóða er 3,5%. Hafa þarf í huga að oft þarf að bæta við álagi á 3,5%ávöxtun til að mæta kostnaði við rekstur sjóðsins. Álagið getur verið á bilinu 0,1–0,3%. Því ætti meðalávöxtunarviðmið til langs tíma að vera rúmlega 3,7%. Meginmarkmið sjóðsins er að fá sem hæstaávöxtun fjár sjóðfélaga að teknu tilliti til áhættu. Markmið fjárfestinga í verðtryggðum eignum er að fjárfesta á hærri kröfu en 3,5% en það fer þó eftir markaðsaðstæðum hverju sinni hvort súávöxtun er í boði hjá ásættanlegum mótaðilum. Markmið fjárfestinga í óverðtryggðum eignum er að fjárfesta á hærri kröfu en 6,1%, en það er uppgjörskrafa í tryggingafræðilegri athugun.

Fyrir hvert ár er sett fram fjárfestingarstefna sem lögð er fyrir stjórn sjóðsins til samþykktar. Í henni eru sett markmið um eignasamsetningu og hvernig haga skuli fjárfestingum á komandi ári. Í töflunni fyrir neðan má sjá fjárfestingarstefnu SL fyrir árið 2017, sem var gerð haustið 2016.

Varðandi erlend hlutabréfaviðskipti sjóðsins þá er horft til þess aðávöxtun sé að jafnaði hærri en heimsvísitala Morgan Stanley (MSCI World Index). Fyrir innlend hlutabréf er mælikvarðinn OMXI8 sem er vísitala Kauphallarinnar. Það er hins vegar erfiðara að draga fram sanngjarnan samanburðarmælikvarða varðandi innlend skuldabréf þar sem þau eru flest gerð upp á kaupávöxtunarkröfu. Sjóðurinn styðst við vísitölu sem verðbréfafyrirtækið Gamma reiknar.

Upphæðir í m.kr.	Staða í árlök 2016		Fjárfestingarstefna	
	Eignir	% af heildareign	Markmið	Vikmörk
Innlendar eignir				
Bein-og óbein ábyrgð ríkissjóðs	58.869	42,4%	40%	35-50%
Innlend skuldabréf	27.356	19,7%	20%	5-25%
Bankar-og fjármálafyrirtæki	6.864	4,9%	5%	0-10%
Bæjar-og sveitarfélaga	9.580	6,9%	5%	5-10%
Skuldabréf fyrirtækja	5.500	4,0%	3%	0-5%
Sjóðfélagalán	5.412	3,9%	7%	4-10%
Önnur innlend verðbréf	21.343	15,4%	14%	10-25%
Skráð hlutabréf	14.083	10,1%	9%	5-15%
Verðbréfasjóðir	885	0,6%	1%	0-3%
Framtakssjóðir/Óskráð hlutabréf	6.375	4,6%	3%	2-7%
Innlend innlán	1.506	1,1%	1%	0-10%
Samtals innlendar eignir	109.073	78,6%	75%	55-80%
Erlendar eignir				
Skráð hlutabréf	584	0,4%	0%	0-2%
Verðbréfasjóðir	23.845	17,2%	19%	12-30%
Framtakssjóðir/Óskráð hlutabréf	4.542	3,3%	5%	2-7%
Skuldabréf	790	0,6%	1%	0-5%
Erlend innlán	995	0,7%	0%	0-10%
Samtals erlendar eignir	29.761	21,4%	25,0%	15-45%
Samtals samtryggingardeild	138.834			

Lán til sjóðfélaga

Töluverð aukning var á fasteignaveðtryggðum lánum til sjóðfélaga á árinu 2016. Síðla árs 2015 samþykkti stjórn sjóðsins breytingar á lánareglum sem fólu í sér að byrjað var að veita óverðtryggð íbúðalán með verðhlutfall allt að 75%. Með þessum breytingum leitaðist sjóðurinn við að mæta óskum sjóðfélaga um að vera betri valkostur við fjármögnun íbúðarhúsnæðis. Það er stefna sjóðsins að bjóða sjóðfélögum áfram sjóðfélagalán á samkeppnishæfum kjörum.

Síðan breytingarnar voru innleiddar hafa lán til sjóðfélaga verið að aukast talsvert eins og sjá má af mynd 1 og eru sjóðfélagalán nú um 4% af heildareignum sjóðsins eða 5,5 ma.kr. Undir lok árs 2016 ákvað stjórn sjóðsins að hætta að notast við fast hlutfall af lánsfjárhæð við ákvörðun lántökugjalda og fara þess í stað að innheimta 45 þúsund kr. gjald til að standa straum af föstum kostnaði við hverja lánveitingu. Sjóðfélagar í árslok 2016 voru 136.797 og fjölgaði um 1.913 milli ára. Til þess hóps teljast allir þeir sem einhvern tímann hafa greitt til sjóðsins og eiga þeir allir rétt á að sækja um sjóðfélagalán. Virkir sjóðfélagar eru þeir sem greiða í hverjum mánuði til sjóðsins og voru þeir 6.571 árið 2016. Lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum verðtryggð lán með tvenns konar vaxtakjörum, föstum vöxtum og breytilegum vöxtum. Upplýsingar um vaxtakjör í boði á hverjum tíma má finna á heimasíðu sjóðsins, www.sl.is en í árslok 2016 voru föstu vextirnir 3,55% og breytilegu vextirnir 3,15% sem hvort tveggja voru hagstæðustu sambærilegu vextir á fasteignalánnum í boði á þeim tíma. Sjóðurinn hóf að veita óverðtryggð sjóðfélagalán í október 2015 og eru vaxtakjörin veitt til 2 ára í senn. Í árslok 2016 voru óverðtryggðir vextir 5,87%.

Sjóðfélögum voru lánaðar alls 3.566 m.kr. á árinu 2016 samanborið við 422 milljónir á árinu 2015. Afgreidd voru 275 sjóðfélagalán árið 2016 samanborið við 90 árið áður.

Afgreidd lán til sjóðfélaga	2016	2015	Breyting
Fjárhæð	3.566	422	3.144
Fjöldi lána	275	90	185
Meðalfjárhæð	13,0	4,7	8,3


Staða sjóðfélagalána í árslok	2016	2015	Breyting
Fjárhæð	5.466	2.416	3.050
Fjöldi lána	629	505	124
Meðalfjárhæð	8,7	4,8	3,9
Hlutfall af heildareignum	3,9%	1,8%	2,1%

Vanskil sjóðfélagalána	2016	2015	Breyting
Fjárhæð vanskila	4,6	10,9	-6,3
Hlutfall vanskila af heildarlánnum	0,1%	0,5%	-0,4%

Allar fjárhæðir eru í m.kr.

Tegund sjóðfélagalána	Verðtryggð lán	Verðtryggð lán	Óverðtryggð
	Fastir vextir	Breytilegir vextir	lán
Fjárhæð	2.009	2.687	769
Fjöldi lána	219	328	82
Meðalfjárhæð	9,2	8,2	9,4

Veitt sjóðfélagalán



Mynd1

Séreignarsparnaður

Sjóðfélögum standa til boða tvær ávöxtunarleiðir fyrir séreignarsparnað.

Innlánsleið sem kallast Söfnunarleið I

Þetta er ávöxtunarleið þar sem sparnaður er ávaxtaður á hefðbundnum innlánsreikningum í banka sem bera hæstu innlánsvexti á hverjum tíma. Leiðin hentar einkum réttihöfum sem eru að nálgast lífeyristökualdur og þeim sem vilja taka litla áhættu.

Hrein ávöxtun Söfnunarleiðar I á árinu 2016 var 4,1% sem svarar til 2,0% raunávöxtunar.

Verðbréfaeið sem kallast Söfnunarleið II

Sparnaður í Söfnunarleið II er ávaxtaður í dreifðu safni innlendra og erlendra verðbréfa.

Þar sem sveiflur í ávöxtun geta verið talsverðar er aðaláherslan á góða langtímaávöxtun og því hentar þessi ávöxtunarleið best þeim sem eru að byggja upp lífeyrissparnað til langs tíma.

Fjárfestingarstefna Söfnunarleiðar II gerir ráð fyrir að meginhluti eigna sé í skuldabréfum.

Hrein ávöxtun Söfnunarleiðar II á árinu 2016 var 1,5% sem svarar til -0,6% raunávöxtunar.

Sjóðfélagar geta með umsókn til sjóðsins skipt um þá ávöxtunarleið sem greitt er til og/eða flutt uppsafnaðan sparnað milli leiða.

Lífeyrisgreiðslur

Á árinu 2016 greiddu 865 einstaklingar iðgjöld til séreignardeildar sjóðsins, alls um 95 m. kr. Þá greiddu 215 launagreiðendur iðgjöld til séreignar fyrir starfsmenn sína á árinu. Virkir sjóðfélagar voru 329. Samtals hækkuðu iðgjöld um 13,9% frá fyrra ári.

Fjárhagslegur aðskilnaður milli deilda

Í gildi er samningur við Arion banka hf. um ávöxtun fjármuna séreignardeildarinnar eftir útboð á fjármálamarkaði á sínum tíma. Þannig næst fjárhagslegur aðskilnaður milli deilda. Ávöxtun og uppgjör miðast við markaðsvirði eigna hverju sinni. Algert skilyrði er að eignir deildarinnar séu skráðar og hafi markaðsvirði.

Séreignarsparnaður hjá SL

<i>Upphæðir í m.kr.</i>	2016	2015	Breyting
Iðgjöld	95	83	14%
Lífeyrisgreiðslur	157	68	131%
Inneign í árslok	2.385	2.206	8%
Fjöldi með inneignir	6.852	6.745	2%

Stjórn og stjórnarhættir Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda

Stjórnarháttayfirlýsing 2016

Grundvöllur sjóðsins og hlutverk

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda starfar á grundvelli starfsleyfis fjármálaráðherra, í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, lög um sjóðinn nr. 155/1998 og samþykktir hans.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri eftir þeim reglum sem fram koma í lögum og samþykktum. Í samþykktum kemur m.a. fram að sjóðurinn leggi sérstaka áherslu á ellilífeyrisréttindi og áskilji sér heimild til að verja þau réttindi umfram önnur við endurskoðun á réttindaákvæðum samþykka sjóðsins. Sjóðurinn er langtímafjárfestir sem ávaxtar fjármuni sjóðfélaga með það að markmiði að ná sem bestri ávöxtun að teknu tilliti til áhættu. Stjórn leggur áherslu á að þróa hluthafastefnu sjóðsins með þeim hætti að hún styðji, eftir því sem því verður við komið, við góða stjórnarhætti í þeim félögum sem sjóðurinn fer með eignarhlut í.

Umboðsskylda

Stjórnarmenn og starfsmenn skulu taka ákvarðanir í samræmi við gildandi lög og reglur og sannfæringu sína með þeim hætti að hagsmuna sjóðfélaga sé sem best gætt og að ákvörðunin styðji við tilgang og starfsemi sjóðsins. Stjórnarmenn og starfsmenn mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, félögum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra eða á kostnað sjóðsins. Stjórnarmaður er ekki bundinn af fyrirmælum þeirra sem tilnefna hann til setu í stjórn sjóðsins.

Stjórnarhættir og stjórnarháttayfirlýsing SL

Sjóðurinn leggur áherslu á góða stjórnarhætti við stefnumótun og daglega stjórnun sjóðsins. Með stjórnarháttayfirlýsingu þessari eru sjóðfélögum, iðgjaldagreiðendum, opinberum aðilum, starfsmönnum og öðrum haghöfum veittar upplýsingar um stjórnarhætti lífeyrissjóðsins. Yfirlýsingunni er jafnframt ætlað að styðja við góða stjórnarhætti hjá sjóðnum og styðja þannig við traustan rekstur. Stjórnarháttayfirlýsing SL fyrir árið 2016 byggir á þeim lögum og reglum sem í gildi eru á þeim tíma sem ársreikningur sjóðsins er staðfestur af stjórn og framkvæmdastjóra. Í því sambandi er sérstaklega litið til þeirra ákvæða laga nr. 129/1997 sem lúta að stjórnarháttum lífeyrissjóða, ákvæða samþykka sjóðsins, reglna FME þar um, m.a. reglna nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða sem og 5. útgáfu Leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja útgefnar af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins.

Lög, reglur og leiðbeiningar sem sérstaklega varða stjórnarhætti SL

Lög frá Alþingi

- Lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
- Lög nr. 155/1998 um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.
- Lög nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Reglur og leiðbeiningar FME

- Reglur FME nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða.
- Leiðbeinandi tilmæli FME nr. 1/2013 um áhættustýringu (eftirlitskerfi) samtryggingardeilda lífeyrissjóða.
- Reglur FME nr. 577/2012 um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila.

- Leiðbeinandi tilmæli FME nr. 3/2011 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Leiðbeinandi tilmæli FME nr. 3/2010 um mat á hæfi lykilstarfsmanna.

Innri reglur SL

- Samþykktir Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda.
- Siða- og samskiptareglur SL, dags. 27. nóvember 2012.
- Hluthafastefna SL, dags. 17. mars 2015.
- Starfsreglur stjórnar og framkvæmdastjóra, dags. 28. febrúar 2017.
- Reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar og til opinberra aðila sbr. 29. gr. laga nr. 129/1997, dags. 16. janúar 2017.
- Starfsreglur endurskoðunarnefndar, dags. 11. apríl 2013.
- Verklagsreglur SL um viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna lífeyrissjóðsins með fjármálagerninga, dags. 27. nóvember 2012. Yfirfarnar 2016 án athugasemda.
- Verklagsreglur um hæfi lykilstarfsmanna, dags. 18. september 2014.
- Starfskjarastefna SL, dags. 26. september 2014.

Stefna um samfélagslega ábyrgð og siðferðisviðmið

Gildi SL

Slagorð sjóðsins eru traustur sjóður, trygg framtíð og lífeyrissjóðurinn fyrir þig. Sjóðurinn leggur áherslu á að upplýsa sjóðfélaga um hag þeirra gagnvart sjóðnum, veita ætíð réttar upplýsingar og virða í samskiptum við sjóðfélaga meginreglur stjórnarsýslulaga.

Siða- og samskiptareglur

Stjórn lífeyrissjóðsins hefur sett siða- og samskiptareglur fyrir starfsmenn og stjórnarmenn sjóðsins. Reglunum er ætlað að styðja við vönduð vinnubrögð, draga úr hættu á hagsmunaárekstrum og auka öryggi við meðferð fjármuna sjóðsins. Í reglunum er m.a. fjallað um góða starfshætti, hagsmunaárekstra, meðferð trúnaðarupplýsinga sem og reglur um gjafir, boðsferðir og starfstengdar ferðir.

Hluthafastefna

Það er markmið stjórnar SL að stefnan styðji við góða stjórnarhætti félaga og þróun þeirra. Í hluthafstefnu SL eru kynntar áherslur stjórnar sjóðsins varðandi viðmið um stjórnarhætti í þeim félögum sem sjóðurinn á eignarhlut í. Hluthafastefnan felur í sér þau viðmið sem SL leggur áherslu á við meðferð eignarhalds í hlutafélögum sem eru skráð á hlutabréfamarkaði og sjóðurinn fer með eignarhlut í. Stefna þessi gildir einnig eftir því sem við á fyrir óskráð félög sem SL hefur fjárfest í. Eðli málsins samkvæmt er stefnunni fyrst og fremst beint til félaga sem skráð eru á Íslandi. Þó gilda grundvallarviðmið hennar einnig fyrir félög sem sjóðurinn er hluthafi í og sem skráð eru erlendis.

Starfsmannastefna

Liður í samfélagslegri ábyrgð SL er áhersla á að sjóðurinn sé góður og eftirsóknarverður vinnustaður. Í starfsmannastefnu sjóðsins er lögð áhersla á gott starfsumhverfi, virka upplýsingagjöf til starfsmanna, þjálfun og endurmenntun starfsmanna, virðingu og umburðarlyndi í samskiptum, jafnrétti og jafnvægi vinnu og einkalífs.

Stjórnskipulag SL

Stjórn

Stjórn sjóðsins skipa 7 menn skipaðir til 4 ára í senn og jafnmargir til vara, sbr. 3. gr. laga nr. 155/1998. Formaður er skipaður með beinum hætti en stjórn sjóðsins skal koma saman í upphafi skipunartíma síns og velja sér varaformann og skipta með sér verkum að öðru leyti eftir því sem þurfa þykir.

Stjórn fer með æðsta vald og yfirstjórn í málefnum sjóðsins og skal sjá um að skipulag sjóðsins og starfsemi séu jafnan í góðu horfi og í samræmi við lög og reglur sem gilda um sjóðinn.

Stjórn skal sjá um að nægilegt eftirlit sé haft með reikningshaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Í þessu sambandi skal stjórnin kveða á um skipulag sjóðsins, hvernig innra eftirliti skuli háttað svo og bókhaldi og reikningsskilum.

Stjórn skal móta eftirlitskerfi sem gerir sjóðnum kleift að greina, vakta, meta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins. Stjórn skal ráða forstöðumann endurskoðunardeildar eða semja við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila um framkvæmd innra eftirlits hjá sjóðnum.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör, gengur frá starfslýsingu hans, setur honum erindisbréf og veitir honum lausn frá störfum. Gerður skal skriflegur ráðningarsamningur við framkvæmdastjóra. Stjórn getur falið formanni og varaformanni stjórnar að annast samninga við framkvæmdastjóra um laun og önnur starfskjör.

Stjórn tekur ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar. Stjórn getur þó veitt framkvæmdastjóra heimild til afgreiðslu slíkra mála. Til óvenjulegra mála telst málarekstur gegn sjóðnum, breytingar á skilmálum eða formi þeirra fjárfestinga sem sjóðurinn hefur fjárfest í, ráðstöfun fjárfestinga sjóðsins sem ekki er í samræmi við skilmála (á þó ekki við um sjóðfélagalán), breytingar á skipuriti, breytingar á fjölda lykilstarfsmanna, starfslok lykilstarfsmanna, breytingar á húsnæði sjóðsins, alvarlegar athugasemdir innri endurskoðenda eða eftirlitsaðila og hvað annað sem telst til röskunar á hefðbundnum rekstri sjóðsins eins og hann er skilgreindur í lögum eða samþykktum hans. Til mikilsháttar mála telst ráðstöfun óskráðra eigna og mál sem varða háar fjárhæðir í samanburði við stærð sjóðsins. Í fjárfestingarstefnu er tilgreint nánar um heimildir hverju sinni. Öll skjöl sem varða meiriháttar ákvarðanir, svo sem samningar er teljast óvenjulegir eða meiriháttar eða hafa greinilega verulega þýðingu fyrir starfsemi sjóðsins skulu vera undirritaðir af framkvæmdastjóra sjóðsins að fengnu samþykki stjórnar, nema stjórn sjóðsins ákveði annað. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi hans. Stjórnin skal móta fjárfestingarstefnu sjóðsins. Stjórnin sér um ráðstöfun á fjármagni sjóðsins og er henni skylt að ávaxta það með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma, að teknu tilliti til áhættu og með hliðsjón af langtímaskuldbindingum sjóðsins. Stjórnin skal sjá til þess að skipting á eignasafni sjóðsins sé í samræmi við gildandi lög og fjárfestingarstefnu sjóðsins hverju sinni. Stjórnin ákveður hver skuli vera fulltrúi sjóðsins í stjórn stofnunar eða atvinnufyrirtækis, nema lög kveði á um annað.

Stjórn sjóðsins er ábyrg fyrir því að ársreikningur sé saminn fyrir sjóðinn og undirritar endurskoðaðan ársreikning. Í skýrslu stjórnar fyrir ársfund skal koma fram yfirlit um starfsemi sjóðsins á árinu svo og upplýsingar um atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagsstöðu sjóðsins.

Stjórnin skal árlega láta framkvæma tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins og meta framtíðarstöðu hans. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meira en 10% munur sé á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga er stjórninni skylt að gera tillögur um nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Sama gildir ef munur samkvæmt athugunum á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfelt í fimm ár. Stjórn sjóðsins skipar endurskoðunarnefnd sem hefur m.a. eftirlit með reikningshaldi, áhættustýringu og gerð ársreiknings sjóðsins í samræmi við ákvæði IX. kafla laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

Stjórn skal setja reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinning og ráðstöfun eigna sjóðsins, sbr. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997.

Stjórn skal setja verklagsreglur um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna, sbr. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997.

Að öðru leyti er hlutverk stjórnarinnar í samræmi við 29. gr. laga nr. 129/1997.

Stjórnarmaður er eingöngu bundinn af sannfæringu sinni, en ekki fyrirmælum þeirra sem hafa kosið hann. Að öðru leyti felst ábyrgð einstakra stjórnarmanna einkum í eftirfarandi:

- a) Að hafa skilning á hlutverki stjórnar, hlutverki sínu og ábyrgð, ásamt því að hafa þekkingu á þeim lögum og reglum sem gilda um starfsemi sjóðsins.
- b) Að hafa skilning á markmiðum og verkefnum sjóðsins svo og því hvernig þeir eiga að haga störfum sínum í stjórninni til að stuðla að því að þessi markmið náist.
- c) Að óska eftir og kynna sér öll þau gögn og upplýsingar sem þeir telja sig þurfa til að hafa fullan skilning á starfsemi og rekstri sjóðsins og til að taka upplýstar ákvarðanir.
- d) Að sjá til þess að til staðar sé innra eftirlit og að ákvörðunum stjórnar sé framfylgt.
- e) Að fullvissa sig um að þess sé jafnan gætt að lögum, reglum og reglugerðum sé fylgt í rekstrinum.
- f) Að stuðla að góðum starfsanda innan stjórnarinnar.
- g) Að hafa nægan tíma til að sinna starfi sínu af heilindum.

Formaður stjórnar er málsvari stjórnar og kemur fram fyrir hennar hönd varðandi málefni sjóðsins nema stjórnin ákveði annað. Formaður stjórnar kemur fram fyrir hönd stjórnar gagnvart framkvæmdastjóra. Formaður stjórnar stýrir stjórnarfundum. Að öðru leyti skal formaður stjórnar í störfum sínum einkum:

- a) Stuðla að því að verklag stjórnar sé í samræmi við lög, reglur og góða stjórnarhætti og að stjórn séu búnar sem bestar starfsaðstæður.
- b) Halda stjórnarmönnum upplýstum um málefni sjóðsins og stuðla að virkni stjórnar í allri umræðu og ákvarðanatöku.
- c) Sjá til þess að nýir stjórnarmenn fái nauðsynlegar upplýsingar og leiðsögn í starfsháttum stjórnar og málefnum sjóðsins.
- d) Sjá til þess að stjórnin uppfæri með reglubundnum hætti þekkingu sína á sjóðnum og rekstri hans ásamt því að tryggja að stjórnin fái almennt í störfum sínum nákvæmar og skýrar upplýsingar og gögn til að hún geti sinnt starfi sínu.
- e) Eiga frumkvæði að gerð og endurskoðun starfsreglna stjórnarinnar.
- f) Útbúa dagskrá stjórnarfunda í samstarfi við framkvæmdastjóra sjóðsins og sjá um boðun þeirra og stjórnun.
- g) Sjá til þess að nægur tími sé gefinn til umræðna og ákvarðanatöku á stjórnarfundum, sérstaklega hvað varðar stærri og flóknari mál.
- h) Fylgjast með framvindu ákvarðana stjórnarinnar innan sjóðsins og staðfesta innleiðingu þeirra gagnvart stjórn.
- i) Sjá til þess að stjórnin meti árlega störf sín og undirnefnda.

Stjórnarfundir skulu að jafnaði haldnir einu sinni í mánuði. Stjórnarfundir skulu haldnir á skrifstofu sjóðsins. Í sérstökum tilvikum má halda fundi annars staðar telji formaður efni fundarins eða aðrar

aðstæður gefa tilefni til. Í upphafi hvers árs skal leggja fyrir tillögu að fundardögum og skipulagi stjórnarfundar. Í lok hvers stjórnarfundar skal næsti reglulegi stjórnarfundur ákveðinn. Stjórnarformanni ber að kalla saman stjórnarfund ef einhver stjórnarmanna eða framkvæmdastjóri krefst þess.

Til stjórnarfundar skal boða með minnst 7 daga fyrirvara. Stjórnarformaður getur þó ákveðið annan frest telji hann það óhjákvæmilegt vegna sérstakra aðstæðna. Fundarboð skal vera skriflegt og skal í því greina frá dagskrá. Fundarboð má senda stjórnarmönnum með rafrænum hætti eða með símbréfi. Stjórnarformaður sem ekki kemst á boðaðan stjórnarfund skal tilkynna það tímanlega til framkvæmdastjóra sem sér um að boða varamann. Leggja skal fram á hverjum stjórnarfundum upplýsingar um helstu þætti í starfsemi sjóðsins frá síðasta stjórnarfundum. Ávallt skal leggja fram skýrslu um kaup og sölu verðbréfa. Sérstökum trúnaðargögnum sem stjórnarmenn fá í hendur til umfjöllunar á stjórnarfundum skal skilað í lok fundarins nema stjórnarformaður ákveði annað. Fundargögn skulu vera aðgengileg stjórnarmönnum tímanlega fyrir stjórnarfundum og á milli þeirra, og skulu allir stjórnarmenn fá sömu upplýsingar. Miðað skal við að fundargögn stjórnarfundar séu aðgengileg stjórnarmönnum eigi síðar en þremur dögum fyrir fundinn. Stjórnarmenn skulu snúa sér til stjórnarformanns eða framkvæmdastjóra með óskir um að tekin verði á dagskrá stjórnarfundar einstök mál. Óski stjórnarformaðurs eftir frestun afgreiðslu máls til næsta fundar skal orðið við slíkri beiðni enda bjóði brýnir hagsmunir sjóðsins ekki annað. Stjórnarmenn skulu hafa aðgang að óháðri sérfræðiráðgjöf á kostnað sjóðsins telji þeir nauðsyn á slíku til að taka sjálfstæðar og upplýstar ákvarðanir.

Stjórn er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnar sækir fund enda hafi fundurinn verið boðaður í samræmi við þessar starfsreglur. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið sé þess kostur. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum á stjórnarfundum í öllum málum. Á stjórnarmönnum hvílir þagnarskylda um málefni sjóðsins, starfsmanna, sjóðfélaga, lífeyrisþega og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem stjórnarmenn og leynt skulu fara samkvæmt lögum, eðli máls eða ákvörðun stjórnarinnar. Stjórnarformaður er ábyrgur fyrir því að gögn sem hann hefur tekið við og fara skulu leynt komist ekki í hendur annarra aðila. Þagnarskylda helst þó stjórnarformaðurs láti af starfi.

Nýir stjórnarmenn skulu fá nauðsynlegar upplýsingar og leiðsögn í starfsháttum stjórnar og málefnum sjóðsins. Nýir stjórnarmenn skulu fá afhentar samþykktir sjóðsins og starfsreglur stjórnar og hafa fullan aðgang að sömu gögnum og aðrir stjórnarmenn. Jafnframt geta nýir stjórnarmenn óskað eftir kynningarfundum með framkvæmdastjóra og stjórnarformanni.

Stjórnarmenn skulu kynna sér og vera bundnir af ákvæðum laga, samþykktum sjóðsins, almennum reglum verðbréfamarkaðarins og sérstökum reglum sjóðsins um meðferð trúnaðarupplýsinga og innherjaviðskipti.

Um ábyrgð, vald og störf stjórnar sjóðsins fer að öðru leyti en greinir í starfsreglum þessum samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, lögum nr. 155/1998 um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, samþykktum sjóðsins og öðrum almennum lögum og reglum sem við eiga á starfssviði sjóðsins s.s. stjórnsýslulögum.

Stjórn skal setja sér samskipta- og síðareglur, sem eru endurskoðaðar árlega.

Einungis stjórn sjóðsins getur gert breytingar á starfsreglum þessum. Til breytinga á reglunum þarf samþykki einfalds meirihluta stjórnar.

Stjórn skal taka starfsreglurnar til upprifjunar og endurskoðunar árlega eða að lágmarki í upphafi hvers fjögurra ára starfstímabils stjórnarinnar.

Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins í samræmi við mótaða stefnu og ákvarðanir stjórnar og ræður starfsmenn sjóðsins.

Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt heimild frá stjórn sjóðsins. Framkvæmdastjóri kemur fram út á við fyrir hönd sjóðsins í samræmi við hefðir og eðli máls. Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins skal fara með atkvæði sjóðsins á hluthafafundum í félögum sem sjóðurinn á eignarhlut í, nema stjórn sjóðsins ákveði annað. Framkvæmdastjóri skal sjá til þess að stjórn fái reglulega nákvæmar upplýsingar um starfsemi og rekstur sjóðsins. Þá skal framkvæmdastjóri veita stjórn og endurskoðendum allar þær upplýsingar um hag sjóðsins sem þeir óska eftir. Upplýsingar framkvæmdastjóra til stjórnar skulu vera á því formi og af þeim gæðum sem stjórn ákveður.

Hæfi

Um almennt hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra gilda ákvæði 31. gr. laga nr. 129/1997. Sérstakt hæfi til meðferðar einstakra mála fer eftir II. kafla stjórnsýslulaga, sbr. 8. mgr. 31. gr. laga nr. 129/1997. Stjórnarmenn eða framkvæmdastjóri mega ekki taka þátt í meðferð mála sem varða sjóðinn og þá persónulega. Skýlt er stjórnarmanni og framkvæmdastjóra að upplýsa um slík atvik. Stjórnarmenn skulu á stjórnarfundi í upphafi starfsárs gera grein fyrir störfum, tengslum og hagsmunum sem gætu valdið vanhæfi við umfjöllun, afgreiðslu og ákvarðanatöku í einstökum málum á því formi sem stjórnin ákveður. Sama gildir um nýja stjórnarmenn sem taka sæti í stjórn á miðju kjörtímabili. Stjórnarmaður skal tilkynna stjórninni fyrirfram ef aðstæður eru fyrir hendi í máli sem valda vanhæfi eða gætu gefið tilefni til efasemda um hæfi hans. Stjórnin tekur í kjölfarið ákvörðun um hvort viðkomandi stjórnarmaður teljist vanhæfur og skuli víkja sæti það sem eftir er fundar. Stjórnarmaðurinn sem efasemdir um hæfi varðar tekur ekki þátt í umræðu eða ákvörðun um viðkomandi mál. Vanhæfur stjórnarmaður á ekki að fá aðgang að gögnum er tengjast viðkomandi máli. Bóka skal í fundargerð að stjórnarmaður hafi vikið sæti og að hann hafi ekki fengið aðgang að gögnum málsins. Stjórnarmenn mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra aðila eða á kostnað sjóðsins.

Ársfundur

Fyrir lok júní hvert ár skal stjórn lífeyrissjóðsins boða til ársfundar sjóðsins. Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum með umræðu- og tillögurétti. Tillögum skal vísað til stjórnar til meðhöndlunar. Ársfund skal boða með tryggilegum hætti, að lágmarki með auglýsingu í dagblöðum 7 virkum dögum fyrir ársfund. Á ársfundi skal gerð grein fyrir skýrslu stjórnar, ársreikningum, tryggingafræðilegum úttektum, fjárfestingarstefnu og tillögum stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins. Þrátt fyrir ákvæði 30. gr. laga nr. 129/1997 er stjórn sjóðsins heimilt að gera breytingar á samþykktum sjóðsins sem beinlínis leiða af lögum eða reglugerðum.

Endurskoðun

Reikningar sjóðsins eru endurskoðaðir og áritaðir af löggiltum endurskoðanda. Innri endurskoðun sjóðsins er í höndum sjálfstætt starfandi endurskoðanda. Endurskoðun sjóðsins og innri endurskoðun eru í höndum aðskilinna endurskoðunarfyrirtækja. Endurskoðunarnefnd SL gerir tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda sjóðsins (ytri endurskoðanda) og innri endurskoðanda.

Tryggingastærðfræðingur

Tryggingafræðileg athugun er framkvæmd árlega í samræmi við 39. gr. laga nr. 129/1997 og reglugerð 391/1998. Athuginin er framkvæmd af löggiltum tryggingastærðfræðingi samkvæmt samningi við sjóðinn. Með athugininni er lagt mat á áfallnar skuldbindingar sjóðsins og væntar framtíðarskuldbindingar annars vegar og núverandi eignasafn og vænt iðgjöld og ávöxtun hins vegar.

Endurskoðunarnefnd

Stjórn skipar þriggja manna endurskoðunarnefnd. Hlutverk nefndarinnar skal vera í samræmi við ákvæði IX. kafla laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Nefndin skal setja sér starfsreglur sem stjórn skal samþykkja. Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðendum sjóðsins. Meirihluti nefndarinnar skal jafnframt vera óháður sjóðnum og daglegum stjórnendum hans. Formaður nefndarinnar skal hvorki vera stjórnarformaður eða starfsmaður sjóðsins. Framkvæmdastjóri og aðrir daglegir stjórnendur skulu ekki eiga sæti í endurskoðunarnefnd.

Endurskoðunarnefnd skal upplýsa stjórn um störf sín í samræmi við það sem starfsreglur nefndarinnar kveða á um og þegar stjórnin óskar sérstaklega eftir því.

Starfskjarastefna

Starfskjarastefnu Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda er ætlað að styðja við góða stjórnarhætti hjá sjóðnum. Við mótun stefnunnar er byggt á samþykktum lífeyrissjóðsins, 5. útgáfu Leiðbeininga um góða stjórnarhætti fyrirtækja og þeim meginreglum sem liggja til grundvallar 79. gr. a, í lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Stefnunni er ætlað að styðja við traustan rekstur og það markmið lífeyrissjóðsins að veita sjóðfélögum góða þjónustu. Eitt meginmarkmið starfskjarastefnu sjóðsins er að lífeyrissjóðurinn sé eftirsóknarverður vinnustaður og hafi á að skipa hæfu og reyndu starfsfólki sem er helsti grundvöllur þess að rekstur sjóðsins sé traustur og í samræmi við bestu viðmið.

Áhættustýring og innra eftirlit

Áhættustýring

Stjórn lífeyrissjóðsins hefur mótað og skilgreint áhættustefnu fyrir sjóðinn sem er yfirfarin og uppfærð árlega eftir þörfum. Stefnan grundvallast á lagafyrirmælum, leiðbeinandi tilmælum FME og stefnumótun sjóðsins. Áhættustefnan er hluti af innra skipulagi sjóðsins og inniheldur sundurliðaða greiningu áhættuþátta og mat stjórnenda á mikilvægi hvers áhættuþátta í rekstri sjóðsins. Í áhættustefnunni eru sett fram viðmið fyrir hverja skilgreinda áhættu sem lýsa því hvað stjórnendur meta sem ásættanlega áhættu og hvernig eftirliti er háttáð til sannprófunar á hlítungu viðmiðanna. Eftirlitið felur í sér framkvæmd tímasettra eftirlitsaðgerða sem hver og ein hefur tilgreindan umsjónaraðila.

Sviðsstjóri áhættustýringar er ábyrgðarmaður við framkvæmd áhættustefnu og áhættustýringar og heyrir hann beint undir framkvæmdastjóra. Til að tryggja honum aukið sjálfstæði í starfi og milliliðalausán aðgang stjórnar að upplýsingum er áhættustjóra heimilt að gefa skýrslur um áhættustýringu, og aðrar upplýsingar sem varða áhættustýringu, beint og milliliðalaust til stjórnar og endurskoðunarnefndar. Í áhættustefnunni er fjallað um einstaka áhættuþætti, þeir skilgreindir og gerð er grein fyrir hvernig þeir eru metnir, mældir og vikmörk einstakra áhættuþátta eru tilgreind. Nánari upplýsingar um áhættustýringu er að finna í ársskýrslu og í skýringum í ársreikningi.

Innra eftirlit

Innra eftirlit sjóðsins nær yfir sérhverja aðgerð af hálfu stjórnar, stjórnenda og starfsmanna til að stýra áhættu, þar sem því verður við komið, og auka líkur á að settum markmiðum verði náð við rekstur sjóðsins. Stjórnendur annast skipulagningu og framkvæmd innra eftirlits en að framkvæmd þess koma í raun allir starfsmenn sjóðsins með einum eða öðrum hætti. Skipulag innra eftirlits tekur mið af reglum

FME nr. 577/2012 um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila lífeyrissjóða og er innra eftirlit sjóðsins yfirfarið árlega af þeim sem annast innri endurskoðun hjá sjóðnum.

Innra eftirlit sjóðsins byggir m.a. á skýrsluskilum, reglulegri upplýsingagjöf, skráðum verkferlum og starfslýsingum, reglum um aðgreiningu starfa, skipulegum aðgangsstýringum og skilvirkri áhættustefnu og áhættueftirliti. Áhættustefna og áhættustýring sjóðsins er veigamikill þáttur í innra eftirliti. Helstu verkþættir í starfsemi sjóðsins byggja á skriflegum ferlum og starfslýsingum starfsmanna sem auka áreiðanleika og stuðla að fylgni við lög og reglur. Verkferlar og starfslýsingar eru yfirfarnar reglulega. Aðskilnaði starfa og aðgangsstýringum innan sjóðsins er ætlað að draga úr villu- og sviksemisáhættu. Margþætt skýrsluskil, afstemmingar og upplýsingagjöf til opinberra aðila, stjórnar sjóðsins og einstakra stjórnenda veita aðhald í rekstri. Hvað upplýsingakerfi sjóðsins varðar er í gildi öryggisstefna sjóðsins sem nær til meðferðar og varðveislu gagna. Henni er ætlað að tryggja örugga meðferð og varðveislu upplýsinga sem þýðingu hafa fyrir starfsemi sjóðsins. Eftirlitsaðgerðir og sjálfvirk vöktun miða að því að lágmarka áhrif rekstraratvika á upplýsingakerfi. Neyðaráætlun sjóðsins er ætlað að taka á alvarlegri rekstraratvikum með endurheimt upplýsingakerfa. Þá hefur sjóðurinn sett sér reglur um uppljóstrun vegna mögulegra svika eða misferlis starfsmanna.

Skipan stjórnar og stjórnarmenn

Árangursmat stjórnar

Stjórnin leggur mat á störf sín, stærð, samsetningu, verklag og starfshætti árlega og leitar leiða til að bæta úr verklagi í samræmi við niðurstöður matsins.

Árlega leggur stjórnin mat á störf framkvæmdastjóra og rekstur sjóðsins í heild. Stjórnarformaður upplýsir svo framkvæmdastjóra um niðurstöðu mats á frammistöðu hans og leggur á ráðin um hvernig bæta megi úr veikleikum. Árlega yfirfer stjórnin og metur þróun sjóðsins og hvort hún sé í samræmi við markmið sjóðsins. Stjórn getur notið utanaðkomandi sérfræðiaðstoðar við árangursmat eftir því sem hún metur nauðsynlegt hverju sinni.

Fundargerðir og fundargerðabók

Formaður stjórnar skal sjá um að haldin sé gerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum og um ákvarðanir stjórnar. Fundargerðir skulu sendar út eigi síðar en viku eftir stjórnarfundum til allra stjórnarmanna og þeirra varamanna sem setið hafa viðkomandi fund.

Í fundargerðabók skal skrá eftirfarandi:

- a) Hvar og hvenær fundurinn er haldinn.
- b) Hverjir sitja fundinn og hver stýrir honum og hver ritar fundargerð.
- c) Hvort og þá hvenær utanaðkomandi aðilar koma inn á fundi og hvenær þeir fara út af fundinum.
- d) Dagskráratriði, stutta lýsingu á dagskrárliðum og gögnum fundarins.
- e) Ákvarðanir sem teknar eru og atkvæðagreiðslur, ef til þeirra kemur.
- f) Upphaf og lok fundartíma.
- g) Hvenær næsti stjórnarfundur verður haldinn.

Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri sem ekki er sammála ákvörðun stjórnar á rétt á að fá sérálit sitt skráð í gerðabókina.

Í upphafi stjórnarfundar skal fundargerð næsta stjórnarfundar á undan borin upp til samþykktar.

Fundargerðir skulu undirritaðar af stjórnarmönnum. Fundargerðir sem færðar hafa verið inn í fundargerðabók teljast full sönnun þess sem gerst hefur á stjórnarfundum.

Stjórnarstarfið skal almennt fara fram á stjórnarfundum. Komi til samskipta milli stjórnarmanna og/eða milli stjórnarmanna og stjórnenda sjóðsins um málefni er varða ákvarðanir stjórnar eða forsendur ákvarðana stjórnar skal upplýst um þau við upphaf næsta stjórnarfundar og skráð til bókar.

Milli funda getur stjórn tekið ákvörðun með samskiptum sín á milli með rafrænum hætti s.s. með tölvupósti. Slík ákvörðun sem tekin er með tölvupósti eða öðrum sannanlegum rafrænum hætti er jafn gild og eins og hún hefði verið tekin á formlegum stjórnarfundum. Færa skal slíka ákvörðun til bókar í fundargerð á næsta formlega stjórnarfundum.

Áhættustýring

Markmið sjóðsins með áhættustýringu er að setja mælanleg viðmið um áhættutöku, að hafa eftirlit með því að áhættan sé innan settra viðmiða og bregðast við ef hún fer út fyrir þau. Þessi mælanlegu viðmið eru því grundvöllur áhættustýringarinnar og eru þau sett fram bæði í áhættustefnu og fjárfestingarstefnu sjóðsins.


Stjórn lífeyrissjóðsins hefur mótað og skilgreint áhættustefnu fyrir sjóðinn sem er yfirfarin og uppfærð árlega eftir þörfum. Stefnan grundvallast á lagafyrirmælum, leiðbeinandi tilmælum FME og stefnumótun sjóðsins. Áhættustefnan er hluti af innra skipulagi sjóðsins og inniheldur sundurliðaða greiningu áhættuþátta og mat stjórnenda á mikilvægi hvers áhættuþátta í rekstri sjóðsins. Í áhættustefnunni eru sett fram viðmið fyrir hverja skilgreinda áhættu sem lýsa því hvað stjórnendur meta sem ásættanlega áhættu og hvernig eftirliti er háttáð til sannprófunar á hlítungu viðmiðanna. Eftirlitið felur í sér framkvæmd tímasettra eftirlitsaðgerða sem hver og ein hefur tilgreindan umsjónaraðila.

Í lögum um starfsemi lífeyrissjóða eru skilgreindar heimildir sjóðsins til fjárfestinga og hámark fjárfestinga í einstökum eignaflokkum. Fjárfestingarstefna sjóðsins verður alltaf að lágmarki að vera innan þessara marka laganna en svo er það stjórnenda sjóðsins að setja frekari skorður á fjárfestingar sem miða að því að finna ásættanlegt jafnvægi milli ávöxtunar og áhættu. Fjárfestingarstefnan er yfirfarin árlega og ný útgáfa gefin út fyrir hvert rekstrarár.

Hér á eftir verður fjallað lauslega um helstu tegundir áhættu sem sjóðurinn stendur frammi fyrir í daglegri starfsemi sinni.

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi sjóðsins ef mótaðili eða viðskiptamaður í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Helsta mótaðilaáhætta sjóðsins verður til við kaup á verðbréfum og með veitingu veðlána. Stærsta einstaka mótaðilaáhætta sjóðsins er á Ríkissjóð Íslands en 42% af eignum sjóðsins eru skuldabréf með ríkisábyrgð. Ef horft er fram hjá Ríkissjóði þá hefur sjóðurinn sett sér þá stefnu að enginn mótaðili vegi meira en 5% af hreinni eign sjóðsins. Sjóðurinn gengur þar lengra en lagaramminn um fjárfestingar lífeyrissjóða segir til um. Eftirlit með mótaðilaáhættu er í stöðugri þróun hjá sjóðnum en undir hana falla m.a. útlánaáhætta, samþjöppunaráhætta, landsáhætta og afhendingar-/uppgjörsáhætta.

Lausafjárahætta er hættan á að sjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Lífeyrissjóðurinn fylgist með lausafjárstöðu sinni með greiningu á gjalddögum fjáreigna til að geta staðið við skuldbindingar sínar á réttum tíma. Sjóðurinn þarf alltaf að eiga nægjanlegt laust fé til að geta mætt bæði fyrirsjáanlegum og ófyrirséðum greiðsluskuldbindingum. Greiddur lífeyrir sem hlutfall af inngreiddum iðgjöldum nemur nú 101,8%. Sjóðurinn hefur ávallt inni á lausum reikningi tvöfalda þá upphæð sem þarf að greiða út í lífeyri um hver mánaðamót. Gerðar eru greiningar til langs tíma þar sem innflæði er borið saman við útflæði til að tryggja að ávallt sé nóg laust fé til greiðslu lífeyris. Verðtryggingarhlutfall eigna sjóðsins er í tæplega 54% en skuldbindingar sjóðsins eru að fullu verðtryggðar. Þetta þýðir að sjóðurinn ber verðbólguáhættu sem nemur mun á verðtryggingarhlutfalli eigna og skuldbindinga. Verðbóluskot myndi því auka áfallnar skuldbindingar og þar með lækka tryggingafræðilega stöðu. Hægt er að minnka þessa áhættu með því að auka verðtryggingarhlutfall eignasafns.



Sjóðurinn ber áhættu af breytingum á væntum lífaldri sjóðfélaga svo og breytingu á örorkulíkum. Lífslíkur hafa hækkað jafnt og þétt á undanförunum árum, jafnframt hafa örorkulíkur aukist. Þetta hefur þýtt hækkun á skuldbindingum sjóðsins. Tölur yfir lífslíkur frá Hagstofunni bera með sér að það virðist vera að hægja á hækkun lífaldurs svo áhættan af hækkun lífaldurs fer því minnkandi að mati sjóðsins. Það er ljóst að með áframhaldandi hækkun lífaldurs þarf að hækka eftirlaunaaldur og/eða hækka greiðslur í lífeyrissjóði, til þess að tekjurýrnun fólks á ellilífeyri verði ekki meiri en lög gera ráð fyrir eða 56% af meðaltekjum.

Markaðsáhætta er hættan á að breytingar í markaðsverði vaxta, gengi hlutabréfa og erlendra gjaldmiðla hafi áhrif á afkomu sjóðsins og virði fjárfestinga hans. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ávöxtun sjóðsins miðað við áhættu er hámarksþaki. Markaðsáhættu er m.a. stýrt með takmörkunum í fjárfestingarstefnu, fjárfestingarheimildum og áhættuviðmiðum.

Vaxtaáhætta er hættan á að breytingar á vöxtum og lögum vaxtaferils leiði til lækkunar á virði skuldabréfa. Næmi skuldabréfaverðs fyrir breytingum á markaðsvöxtum er jafnan mælt í meðaltíma skuldabréfs; í því samhengi lækkar skuldabréf með langan meðaltíma meira í verði þegar markaðsvextir hækka heldur en skuldabréf með styttri meðaltíma.

Því er ljóst að ef vextir hækka getur sjóðurinn þurft að innleysa gengistap við sölu á skuldabréfum sem keypt voru á lægri vöxtum. Eins getur lækkandi vaxtaumhverfi leitt til lægri ávöxtunarkröfu við kaup nýrra skuldabréfa þegar núverandi skuldabréf eru á gjalddaga og þegar fjárfest er fyrir innflæði (endurfjárfestingaráhætta).

Um áramótin 2015/2016 tóku gildi nýjar reglur Fjármálaeftirlitsins, nr. 335/2015, um ársreikninga lífeyrissjóða. Samkvæmt þeim skal almennt meta fjármálagerninga á gangvirði þeirra. Hins vegar er heimilt að miða verðmat skuldabréfs við kaupávöxtunarkröfu ef það er markmið sjóðsins að halda skuldabréfi til gjalddaga. Sjóðurinn hefur mótað sér þá stefnu um matsaðferð skuldabréfa að óverðtryggð skuldabréf með ábyrgð ríkisins eru metin á gangvirði/markaðsávöxtunarkröfu frá og með 31.12.2016 en öll önnur skuldabréf eru metin á kaupávöxtunarkröfu. Við þessar breytingar verður sjóðurinn örlítið næmari fyrir vaxtabreytingum en áður þegar skuldabréf sjóðsins voru alfarið gerð upp á kaupávöxtunarkröfu. Breytingin nær til um 9,5 ma.kr. ríkistryggðra óverðtryggðra skuldabréfa sem er um 6,8% af hreinni eign sjóðsins um áramótin.

Gjaldmiðlaáhætta er hættan á að styrking krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum rýri verðmæti erlendra eigna sjóðsins mælt í íslenskum krónum en erlendar eignir eru nú 21,3% af eignasafni sjóðsins. Sjóðurinn hafði fyrir tilkomu gjaldeyrishafta stýrt gjaldeyrissáhattunni á virkan hátt. Í dag er nýbúið að

afnema höftin og því aftur orðið mögulegt að stýra þessari áhættu með afleiðusamningum. Að eiga erlendar eignir er góð vörn gegn gengislækkun krónu og því mikilvægur hluti af áhættuvörnum sjóðsins.

Rekstraráhætta er sú áhætta að sjóðurinn verði fyrir tjóni sem stafar af ófullnægjandi eða gölluðum innri verkferlum, mistökum og aðgerðum eða aðgerðaleysi starfsmanna, ófullnægjandi upplýsingakerfum eða vegna ytri atburða í rekstrarumhverfi sjóðsins. Við daglegan rekstur lífeyrissjóðsins eru ótal áhættuþættir sem geta haft áhrif á starfsemi hans og leitt til tjóns fyrir sjóðfélaga. Til að draga úr slíkri rekstraráhættu er unnið eftir verkferlum, vinnureglum og starfslýsingum og eftirlit haft með að þeim sé fylgt, ásamt öðrum reglum sem settar hafa verið fram um starfsemi sjóðsins í sérstakri rekstrarhandbók. Stjórn sjóðsins hefur sett sér samskipta- og starfsreglur og starfsmenn hafa sett sér siðareglur. Í áhættustefnu sjóðsins er skilgreint hvernig eftirliti með rekstraráhættu er háttað. Innri endurskoðandi sjóðsins fylgist með innra eftirliti sjóðsins auk þess sem endurskoðunarnefnd hefur tilsjón með fyrirkomulagi og virkni eftirlitsins.

Hluthafastefna

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda (SL) hefur það að markmiði að hámarka lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga sinna og tryggja þeim bestu lífeyrisréttindi sem kostur er á með ávöxtun iðgjalda og eigna, áhættustýringu og hagkvæmum rekstri. SL er langtímafjárfestir sem ávaxtar lífeyrissparnað sjóðfélaga sinna í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Ábyrgar fjárfestingar

Sjóðurinn horfir til reglna Sameinuðu þjóðanna (Sp) um ábyrgar fjárfestingar. Um er að ræða leiðbeinandi reglur sem unnar voru af fulltrúum 20 stofnanafjárfesta frá 12 löndum þar á meðal stærstu lífeyrissjóða vestan hafs og í Evrópu. Í reglunum er fjallað um hvernig áhersla á umhverfisleg og félagsleg málefni auk góðra stjórnarháttanna fyrirtækja (skammstafað UFS) getur stuðlað að bættum fjárfestingarárangri verðbréfasafna um leið og hagsmunir fjárfesta og markmið þjóðfélagsins í víðara samhengi geta farið saman.

Þegar ákvörðun um fjárfestingu liggur fyrir er horft sérstaklega til neðangreindra atriða

1. Að taka tillit til UFS málefna við mat á fjárfestingarkostum.
2. Að vera virkur eigandi hlutabréfa.
3. Að fyrirtæki geri grein fyrir stefnu sinni í málefnum UFS.
4. Að stuðla að framgangi reglna Sp hjá fjárvörsluáðilum.
5. Að eiga samstarf við aðra fjárfesta um málefnið.

Umhverfismál og félagsleg ábyrgð

Sjóðurinn mun hafa til hliðsjónar við fjárfestingar hvernig fyrirtæki horfa til umhverfis og félagslegra þátta við rekstur sinn þ.e.

1. Að fyrirtækin fari að lögum og reglum um umhverfismál.
2. Að þau leitist við að draga úr umhverfisáhrifum við rekstur sinn.
3. Að þau geri hluthöfum reglulega grein fyrir stefnu sinni á sviði umhverfismála.
4. Að þau virði félagslega ábyrgð, virði mannréttindi og komi í veg fyrir órétti barna.

Stjórnarhættir fyrirtækja og þátttaka á hluthafafundum

1. Sjóðurinn mun horfa til þess við fjárfestingar hvort fyrirtækin fylgi góðum stjórnarháttum við rekstur (t.d. reglum OECD um stjórnarhætti) og gefi upplýsingar þar um í ársskýrslum. Einnig verður horft til þess hvort innlend fyrirtæki fylgi leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Kauphallar Íslands og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja en frá 1. janúar 2005 ber útgefendum hlutabréfa í Kauphöll Íslands að fylgja leiðbeiningunum eða upplýsa um frávik frá leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.
2. Sjóðurinn leitast við að gegna jafnframt eigendaskyldum sínum með virkum hætti og kemur ábendingum um rekstur og stefnu fyrirtækja, auk bættra stjórnarháttanna í þeim fyrirtækjum sem sjóðurinn er hluthafi í á framfæri á hluthafafundum og/eða með beinum samskiptum við stjórnendur viðkomandi fyrirtækja. Sjóðurinn leitast við að taka afstöðu til mála á hluthafafundum með atkvæðum sínum og á hlutabréfamarkaði með aðgerðum sínum.

Tilnefningar í stjórnir félaga og launakjör stjórnarmanna

Hluthafastefna sjóðsins ákvarðar hvernig sjóðurinn beitir sér sem hluthafi í þeim hlutafélögum sem hann á eignarhlut í. Ef sjóðurinn á verulegan eignarhlut, sem telst vera 0,5% af heildareignum lífeyrissjóðsins, 5% eða hærri eignarhlutur í hverju félagi eða sjóðurinn er meðal fimm stærstu hluthafa félagsins, þá er það eftir atvikum valnefnd sjóðsins sem tilnefnir stjórnarmenn í hvert félag. Í þeim tilfellum þar sem að eignarhlutur sjóðsins í félögum er óverulegur eða undir áður nefndum viðmiðum vill stjórn sjóðsins afmarka aðkomu sína að stjórnnum með þátttöku í valnefndum sem eru myndaðar sameiginlega með hluthöfum eða settar upp af félögunum sjálfum. Lögð er áhersla á að þessar valnefndir séu óháðar félaginu sjálfu.

Hvorki stjórnarmenn né starfsmenn sjóðsins sitja í stjórnnum fyrirtækja í umboði sjóðsins. Stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra er jafnframt óheimilt að sitja í stjórnnum fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í. Þetta gildir þó ekki um fyrirtæki sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins. Jafnframt við sérstakar aðstæður svo hægt sé að fylgja eftir hagsmunum sjóðsins með fullnægjandi hætti er starfsmönnum heimilt með ákvörðun stjórnar að sitja í stjórnnum eða ráðum áhættufjármagnsfyrirtækja eða –sjóðum sem lífeyrissjóðurinn á hlut í.

Ef sjóðurinn á þess kost á grundvelli eignarhalds skal hann leitast við að tilnefna vel hæfa fulltrúa í stjórnir félaga, annað hvort einn og sér eða í samstarfi við aðra aðila.

Framkvæmdastjóri, forstöðumaður eignastýringar, stjórnarformaður og varaformaður stjórnar SL mynda valnefnd innan sjóðsins sem tilnefnir stjórnarmenn í hvert félag. Nefndin nýtur liðsinnis annarra stjórnarmanna, starfsmanna sjóðsins og/eða utanaðkomandi ráðgjafa við leit og val á stjórnarmönnum. Einnig kemur til greina að auglýsa eftir stjórnarmönnum. Valnefnd sjóðsins kemur saman a.m.k. árlega og oftast ef þörf krefur, í aðdraganda aðalfunda félaga, eða þegar kosning stjórnarmanna stendur fyrir dyrum í félögum sem sjóðurinn á verulegan hlut í.

Val á stjórnarmönnum sem sjóðurinn tilnefnir eða styður til stjórnarsetu, byggir á faglegu ferli þar sem bakgrunnur, fagleg þekking, reynsla, færni og hæfi er kannað. Sérstaklega þarf að huga að samsetningu stjórna með hliðsjón af fjölbreyttri þekkingu og reynslu svo og kynjahlutföllum, og að ekki séu árekstrar milli hagsmuna félagsins og annarra hagsmuna sem stjórnarmenn gæta. Stjórnarmenn skulu leggja megináherslu á að viðkomandi félag skili viðunandi arðsemi svo fjárfesting sjóðsins bæti hag sjóðfélaga til lengri og skemmri tíma.

Við mat á því hverjar séu eðlilegar launagreiðslur fyrir stjórnarsetu í félagi skal litið til umfangs og ábyrgðar starfsins, sem og þess tíma sem stjórnarmenn þurfa að inna af hendi til að geta rækt skyldur sínar við félagið. Telji valnefnd að tillögur fyrir aðalfund um stjórnarlaun séu mjög frábrugðnar því sem hæfilegt er, með hliðsjón af framangreindum matsþáttum, skal valnefnd koma þeim sjónarmiðum á framfæri. Skal það gert annað hvort við viðkomandi stjórn fyrir aðalfund eða með formlegum hætti, svo sem með bókun eða breytingatillögum á aðalfundi.

Fulltrúar sjóðsins í stjórnnum félaga skulu standa vörð um hagsmuni félagsins sbr. hlutafélagalög með því að fylgja bestu viðmiðum um stjórnarhætti fyrirtækja, árangursmælingum, eftirliti og virkri beitingu lagalegra úrræða. Stjórnir hafa eftirlit með því að rekstur félaga fylgi almennum og góðum viðskiptavenjum, gæta þess að samþykktir séu virtar og bestu stöðlum um stjórnarhætti fylgt.

Framkvæmdastjóri SL fer með umboð, þ. á m. atkvæðisrétt á aðalfundum fyrir hönd sjóðsins. Ef framkvæmdastjóri getur ekki mætt á viðkomandi aðalfund fer forstöðumaður eignastýringar með umboð sjóðsins.

Ákvörðun um launakjör framkvæmdastjóra

Stjórn hvers félags ræður framkvæmdastjóra og gerir við hann ráðningar- og starfssamning. Stjórn félags ber ábyrgð á að starfssamningur framkvæmdastjóra sé gerður á faglegum grunni og að fyrir honum liggi hlutlæg rök. Við ákvörðun launa framkvæmdastjóra skulu stjórnarmenn sem tilnefndir eru með tilstuðlan sjóðsins líta til innri þátta félags, launadreifingar innan þess og launa sem ætla má að framkvæmdastjóra bjóðist á þeim markaði sem félagið starfar á.

Kaupaukar og hvatakerfi

Sjóðurinn leggur áherslu á að ávallt liggi fyrir greinargóðar upplýsingar og rök fyrir starfskjörum starfsmanna þeirra félaga sem sjóðurinn á verulegan hlut í, m.a. árangurstengdum greiðslum, kaupaukum og starfslokasamningum séu þeir gerðir. Nauðsynlegt er að hluthafar séu upplýstir um forsendur og rök fyrir kaupaukum og breytilegum launaliðum.

Samkeppnisleg sjónarmið

Nauðsynlegt er fyrir sjóðinn að hafa samkeppnissjónarmið til hliðsjónar við mótun fjárfestingar- og hluthafastefnu. Sjóðurinn vill áréttta mikilvægi þess að fyrirtæki á samkeppnismarkaði séu sjálfstæð og stundi virka samkeppni sín í milli. Sjóðurinn vill leggja að stjórnnum félaga þar sem hann á hagsmuna að gæta að fylgja þessum sjónarmiðum. Sjóðnum er ljóst að eignarhald sama aðila á umtalsverðum hlutum í fleiri fyrirtækjum eða samstæðum fyrirtækja á sama markaði kallar á sérstaka aðgæslu af hálfu sjóðsins.

Siða- og samskiptareglur

Almenn atriði

Reglur þessar gilda fyrir starfsmenn sjóðsins sem og stjórnarmenn. Með stjórnarmönnum er átt bæði við aðal- og varastjórnarmenn. Starfsemi sjóðsins byggir á lögum nr. 155/1998 um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og samþykktum sem um sjóðinn gilda. Jafnframt hefur sjóðurinn sett ýmsar reglur s.s. starfsreglur stjórnar, verklagsreglur um verðbréfavíðskipti, upplýsingagjöf og starfsreglur framkvæmdastjóra o.fl. Um sjóðinn er víðtækt eftirlit s.s. með innra og ytra eftirliti endurskoðenda, endurskoðunarnefnd og einnig með eftirliti frá Fjármálaeftirliti og Seðlabanka Íslands. Er meðfylgjandi reglum á engan hátt ætlað að koma í staðinn fyrir eða breyta fyrirbyggjandi reglum, heldur er þeim ætlað að undirstrika tiltekin grunngildi í störfum og starfsháttum stjórnar og starfsmanna sjóðsins.

Ábyrgð

Stjórn og starfsfólk sjóðsins gera sér ljósa þá ábyrgð sem fylgir því að hafa umsjón og eftirlit með þeim fjármunum sem eru í eigu sjóðfélaga. Í ábyrgðinni felst m.a. að fara í hvívetna eftir þeim lögum og reglum er gilda, að hagsmunir sjóðfélaga séu í fyrirrúmi og að fjárfestingar sjóðsins byggji á góðu viðskiptasiðferði.

Þagnarskylda og meðferð trúnaðarupplýsinga

Á stjórn og starfsfólki hvílir þagnarskylda um málefni sjóðsins, s.s. málefni sjóðfélaga, lífeyrisþega og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem stjórnar- eða starfsmenn sjóðsins og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Stjórnar- eða starfsmenn eru ábyrgir fyrir því að gögn sem þeir taka við og fara skuli leynt komist ekki í hendur annarra. Þagnarskylda helst þó látið sé af starfi.

Góðir starfshættir

Stjórn og starfsmenn skulu leggja rækt við starf sitt og stunda það af kostgæfni. Öll störf og aðrar athafnir skulu miða að því að vera lífeyrissjóðnum, sjóðfélögum og öðrum sem sjóðurinn veitir þjónustu til framdráttar. Stjórn og starfsfólk skulu ávallt gæta þess utan vinnutíma að aðhafast ekkert það sem getur vakið efa um hæfni þeirra til að sinna störfum fyrir sjóðinn eða skaða ímynd hans. Fordast ber hvers konar hagsmunaárekstra milli starfa þeirra og annarra athafna eða tengsla utanaðkomandi aðila. Stjórn og starfsfólk mega ekki taka þátt í meðferð mála sem varða sjóðinn og þá persónulega. Skylt er stjórnar- eða starfsmanni að upplýsa um slík atvik.

Hagnýting trúnaðarupplýsinga

Stjórn og starfsfólki er óheimilt að nýta sér trúnaðarupplýsingar, beint eða óbeint til öflunar eða ráðstöfunar verðbréfa sjálfum sér eða öðrum til hagsbóta.

Viðskiptahættir

Sjóðurinn leggur áherslu á mikilvægi þess að eiga góð samskipti við þá aðila sem hann á samskipti við hvort sem um er að ræða iðgjaldagreiðendur, sjóðfélaga, þjónustuaðila á fjármálamarkaði eða útgefendur verðbréfa. Sjóðurinn leggur áherslu á að ávöxtun fjármuna sjóðsins taki mið af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma. M.a. næst það með góðum samskiptum við aðila á verðbréfamarkaði. Þau samskipti þurfa að vera í samræmi við almennar grunnreglur er tryggja gott viðskiptasiðferði og

hagsmuni sjóðfélaga. Lögð er áhersla á að allar kynningar sem tekið er þátt í og önnur samskipti séu hlutlæg, nákvæm, sönn og í samræmi við lög og almennt siðferði.

Ferðalög

Eðlilegt er að stjórn og starfsfólk sjóðsins sækir kynningar- og fræðslufundi um fjárfestingar sem skipulagðar eru af þjónustuaðilum bæði innanlands og utan sem eru til þess fallnir að afla sjóðnum upplýsinga um viðskiptatækifæri, valkosta í eignastýringu eða annað er skiptir sjóðinn máli. Efni fundanna verður að vera stutt gögnum sem eru til reiðu á fundunum. Skal gögnunum haldið til haga í minnst eitt ár. Vettvangur funda á ekki að krefjast ferðalaga umfram það sem nauðsynlegt getur talist. Sjóðurinn skal að jafnaði bera kostnað vegna ferða og gistingar. Þjóði skipuleggjendur upp á útivistar- eða skemmtiatriði, svo sem íþróttar- eða menningarviðburði, í tengslum við slíka fundi skulu þeir viðburðir vera almennt viðeigandi og ganga sem minnst á hefðbundinn vinnutíma.

Gjafir og boð

Stjórn og starfsfólki er óheimilt að þiggja gjafir, boð eða önnur fríðindi af þjónustuaðilum sjóðsins. Með þjónustuaðilum er átt við alla aðila sem með einhverjum hætti eru í samskiptum eða viðskiptum við sjóðinn. Undanþegnar eru jólagjafir og aðrar tækifærisgjafir sem eru að fjárhagslegu verðmæti innan marka sem teljast algeng í slíkum tilvikum eða þegar um er að ræða persónuleg tengsl sem ekki verða rakin til viðskipta við sjóðinn. Einnig boð á menningar- eða íþróttaviðburði á starfssvæði sjóðsins, enda gætt hófs í umgjörð og viðurgjörningi. Enn fremur er heimilt að þiggja viðeigandi viðurgjörning í tengslum við samskipti við þjónustuaðila.

Annað

Brot starfsmanna á þessum reglum getur varðar áminningu eða uppsögn.

Stjórn og starfsmenn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda

Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda er skipuð af fjármálaráðherra. Fjöldi stjórnarmanna er sjö og eru jafnmargir varamenn. Stjórnin er skipuð til fjögurra ára í senn. Fjórir stjórnarmenn eru skipaðir eftir tilnefningu stjórnar Landssamtaka lífeyrissjóða, þrír eru án tilnefningar og er einn þeirra formaður stjórnar sjóðsins.

Stjórn frá 1. júlí 2016 til næstu fjögurra ára:

Aðalmenn:

Guðmundur Árnason, formaður
Hrafn Magnússon, varaformaður
Aðalbjörg Lúthersdóttir
Einar Sveinbjörnsson
Reynir Þorsteinsson
Svana Helen Björnsdóttir
Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir

Varamenn:

Hálfván Hermannsson
Helga Einarsdóttir
Helga Jónsdóttir
Kristinn Hjörleifur Jónsson
Steinunn Sigvaldadóttir
Þorvaldur Ingi Jónsson

Aðsetur sjóðsins er í Borgartúni 29 og er fjöldi starfsmanna 14 í árslok 2016.

Starfsmenn

Starfsfólk:

Andri Már Jónsson
Elín S. Valdimarsdóttir
Guðmundur S. Steindórsson
Hafdís Guðfinnsdóttir
Helga B. Sigurðardóttir
Ingunn Ólafsdóttir
Jóhanna Björnsdóttir
Jón Otti Jónsson
Magnús B. Jónsson
Rannveig Þórarinsdóttir
Sigurbjörn Sigurbjörnsson
Sigurlaug J. Waage
Svanhildur Lýðsdóttir
Þorbjörg Kristinsdóttir

Starfssvið:

Eignastýringarsvið
Sviðsstjóri bókhaldssviðs
Sviðsstjóri áhættustýringarsviðs
Bókhald
Bókhald eigna og fjárfestinga
Bókhald
Bókhald og móttaka
Sviðsstjóri eignastýringarsviðs
Sviðsstjóri innheimtu- og ráðgjafasviðs
Bókhald eigna og fjárfestinga
Framkvæmdastjóri
Sviðsstjóri lífeyris- og sjóðfélagasviðs
Innheimtu- og ráðgjafasvið
Lífeyris- og sjóðfélagasvið



Söfnunarsjóður
lífeyrisréttinda
1974-2016

Ársreikningur 2016

Áritun og skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við reglur um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015. Hefur samanburðarárið verið lagfært m.t.t. breyttra reglna. Fært er sérstakt yfirlit yfir breytingu á hreinni eign, efnahagsreikningi og sjóðstreymi fyrir hvora fjárfestingarleið í séreignardeild.

Sjóðurinn hefur verið starfandi í 43 ár en hann hóf starfsemi 26. september 1974. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda er lífeyrissjóður, ætlaður öllum launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum sem eiga ekki kjarasamningsbundna aðild að öðrum lífeyrissjóðum. Hann getur því verið góður kostur fyrir þá aðila sem þurfa að velja sér lífeyrissjóð. Sjóðurinn byggir á samtryggingu og séreign. Hann er sjálfstæður lífeyrissjóður sem ekki starfar í tengslum við stéttarfélag.

Starfsemi sjóðsins er í tveimur deildum, samtryggingardeild og séreignardeild. Hrein eign samtryggingardeildar nam 140.582 millj. kr. í árslok og jókst um 1,9% eða 2.494 millj.kr. milli ára. Hrein nafnávöxtun ársins 2016 var 1,9% samanborið við 8,8% árið áður. Hrein raunávöxtun var -0,2% samanborið við 6,6% árið á undan. Fimm ára meðaltalsraunávöxtun nam 5,3%, meðaltalsraunávöxtun sl. 10 ára nam 2,3% og sl. 20 ára nam 4,6%.

Lífeyrisgreiðslur samtryggingardeildar námu 3.823 millj.kr. og jukust um 9,9%. Fjöldi lífeyrisþega nam í árslok 13.908 en þeir voru 12.806 áður og fjölgaði um 8,6%. Af heildarlífeyrisgreiðslum sjóðsins fóru 77,6% til greiðslu ellilífeyris eða 2.966 millj.kr.

Til samtryggingardeildar greiddu alls 2.197 fyrirtæki sem er fjölgun er nemur 6% frá fyrra ári. Heildariðgjöld sem greidd voru fyrir 13.657 einstaklinga námu 3.751 millj.kr. Er það aukning um 10,3% milli ára. Sjóðfélagar voru í árslok 2016 alls 136.783.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins er þannig að eignir eru 1,3% lægri en heildarskuldbindingar í árslok 2016. Versnar staða sjóðsins milli ára en hún er vel innan allra marka hvað varðar lög og reglur.

Hrein eign séreignardeildar nam 2.381 millj.kr. og lækkar um 30 millj.kr. Samtals voru greiddar út 157 millj.kr. í lífeyri árið 2016. Séreignardeild sjóðsins skiptist annars vegar í Söfnunarleið I sem er innlánsreikningur og nam hrein nafnávöxtun leiðarinnar 4,1% og hrein raunávöxtun leiðarinnar 2,0% og hins vegar í Söfnunarleið II sem er blandaður verðbréfareikningur og nam hrein nafnávöxtun leiðarinnar 1,4% og hrein raunávöxtun leiðarinnar -0,7%.

Í fyrsta sinn er uppgjör sjóðsins byggt á nýjum reglum um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015. Í því samhengi hefur verið ákveðið að öll óverðtryggð ríkisbréf verði færð framvegis miðað við markaðsvirði (gangvirði). Af þessari ástæðu er höfuðstóll ársins 2014 endurmetinn og uppfærður. Sama á við um árið 2015. Þetta hefur þær afleiðingar að heildareignir árána 2014 og 2015 hækka miðað við það sem fram kemur í ársskýrslum sem áður hafa verið gefnar út.

Sjóðurinn leggur áherslu á góða stjórnarhætti og horfir aukinheldur til meginreglna stjórnsýslulaga. Stjórnarmenn og starfsmenn eiga að taka ákvarðanir í samræmi við sannfæringu sína, gildandi lög og reglur með hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi þó þannig að sem best sé gætt að því að ákvörðunin styðji við tilgang og starfsemi sjóðsins. Með stjórnaryfirlýsingunni veitir sjóðurinn sjóðfélögum, iðgjaldagreiðendum, eftirlitsaðilum, starfsmönnum og öðrum haghöfum upplýsingar um stjórnarhætti sjóðsins. Yfirlýsingunni er jafnframt ætlað að styðja við góða stjórnarhætti hjá sjóðnum og stuðla þannig að traustum rekstri. Yfirlýsingin byggir á þeim lögum og reglum sem gilda á þeim tíma sem ársreikningurinn er samþykktur af stjórn og framkvæmdastjóra. Einkum er horft til laga nr. 129/1997, laga nr. 155/1998, ákvæða samþykka sjóðsins, reglna FME nr. 335/2015 um ársreikninga og almennra leiðbeinandi tilmæla um stjórnarhætti sem gefin eru út af Viðskiptaráði, Kauphöll Ísland og Samtökum atvinnulífsins. Er yfirlýsingin hluti af ársskýrslu þessari og kemur þar fram í heild sinni.

Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda staðfestir ársreikning lífeyrissjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 2016 með undirritun sinni.

Reykjavík 06. apríl 2017



Guðmundur Árnason, formaður



Hrafn Magnússon, varaformaður



Einar Sveinbjörnsson




Svana Helen Björnsdóttir




Aðalbjörg Lúthersdóttir



Reynir Þorsteinsson



Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir



Sigurbjörn Sigurbjörnsson
framkvæmdastjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga í Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda

Skýrsla um endurskoðun ársreiknings

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning þann 31. desember 2016, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu samtryggingardeildar, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2016, efnahag hans 31. desember 2016, breytingu á handbæru fé á árinu 2016 og tryggingafræðilegri stöðu 31. desember 2016, í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að meta rekstrarhæfi sjóðsins og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að leysa upp sjóðinn eða hætta starfsemi hans, eða ef enginn annar raunhæfur valkostur er í stöðunni.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggjum við á faglegri dómgreind og beitum ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- * Við greinum og metum hættur á verulegum skekkjum í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhá innri eftirlitsaðgerðum.
- * Við öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- * Við metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- * Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- * Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging ársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem fram koma við endurskoðunina, eftir því sem við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um öll tengsl eða önnur atriði sem raunhæft er að ætla að gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og eftir því sem við á, til hvaða varúðarráðstafana við höfum gripið til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík 6. apríl 2017



Árni Snæbjörnsson
löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30, 105 Reykjavík

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris 2016

Allar tölur í þús. kr.

Iðgjöld	Skýr.	2016	2015
Iðgjöld sjóðfélaga		1.277.969	1.168.606
Iðgjöld launagreiðenda		2.568.157	2.315.018
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(71.831)	(97.395)
	3	<u>3.774.295</u>	<u>3.386.229</u>
Sérstök aukaframlög		69.409	65.057
		<u>3.843.704</u>	<u>3.451.286</u>
Lífeyrir			
Heildarfjárhæð lífeyris		3.980.129	3.544.018
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs		31.781	38.874
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		8.633	9.000
	4	<u>4.020.543</u>	<u>3.591.892</u>
Hreinar fjárfestingartekjur			
Hreinar tekjur af eignarhl. í félögum og sjóðum	5	(2.676.406)	5.836.753
Hreinar tekjur af skuldabréfum	5,6	5.444.849	5.408.237
Vaxtatekjur af bundnum innstæðum		91.284	82.173
Vaxtatekjur af handbæru fé		40.851	33.581
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		98.718	107.317
Ýmsar fjárfestingartekjur		14.302	4.796
Fjárfestingargjöld		(65.338)	(73.089)
		<u>2.948.260</u>	<u>11.399.768</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	7	331.555	306.962
		<u>331.555</u>	<u>306.962</u>
Aðrar tekjur		24.298	23.394
		<u>24.298</u>	<u>23.394</u>
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		2.464.164	10.975.594
Hrein eign frá fyrra ári		140.499.155	129.523.561
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		<u>142.963.319</u>	<u>140.499.155</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

Allar tölur í þús. kr.

Eignir

	Skýr.	2016	2015
Fjárfestingar			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	9,11,12	50.659.753	50.112.798
Skuldabréf	10,11,12	87.552.979	85.862.013
Bundnar bankainnstæður		1.850.937	1.722.867
		<u>140.063.669</u>	<u>137.697.678</u>

Kröfur

Kröfur á launagreiðendur		848.285	851.593
Aðrar kröfur		13.096	214.486
		<u>861.381</u>	<u>1.066.079</u>

Ýmsar eignir

Varanlegir rekstrarfjármunir	12	153.013	151.391
Aðrar eignir		395	0
		<u>153.408</u>	<u>151.391</u>

Handbært fé	7,11	1.924.557	1.833.895
-------------------	------	-----------	-----------

Eignir samtals

	<u>143.003.015</u>	<u>140.749.043</u>
--	--------------------	--------------------

Skuldir

Aðrar skuldir		39.696	249.888
---------------------	--	--------	---------

Skuldir samtals

	<u>39.696</u>	<u>249.888</u>
--	---------------	----------------

Samtals hrein eign til greiðslu lífeyris

	<u>142.963.319</u>	<u>140.499.155</u>
--	--------------------	--------------------

Skuldbindingar utan efnahags.....

Sjóðstreymi árið 2016

Allar tölur í þús. kr.

	2016	2015
Inngreiðslur		
lögjöld	3.847.730	3.484.095
Innb. vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum	139.569	33.581
Aðrar inngreiðslur	887	21.171
	3.988.186	3.538.847
Útgreiðslur		
Lífeyrir	4.020.543	3.524.331
Rekstrarkostnaður	302.798	336.592
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	6.081	1.025
Aðrar útgreiðslur	245.529	568
	4.574.951	3.862.516
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga	(586.765)	(323.669)
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting		
Innb. tekjur af eignarhl. í félögum og sjóðum	764.557	458.161
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum	(16.072.927)	(10.225.910)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum	12.271.191	7.757.852
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa	8.467.981	8.858.159
Keypt skuldabréf	(9.719.658)	(9.766.149)
Seld skuldabréf	4.966.244	3.352.934
Ný bundin innlán	172.532	(22.850)
	849.920	412.198
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	263.155	88.529
Gengismunur af handbæru fé	(172.493)	2.208
Handbært fé í byrjun árs	1.833.895	1.743.158
Handbært fé í lok tímabils	1.924.557	1.833.895

Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu samtryggingardeildar 31. desember 2016

Allar tölur í þús. kr.

Eignir:	Skýr.	2016	
	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris	140.582.396	0	140.582.396
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa	2.664.377	0	2.664.377
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa	(540.169)	0	(540.169)
Núvirði framtíðarfjárfestingarkostnaðar	(4.276.083)	0	(4.276.083)
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar	(914.438)	(3.188.746)	(4.103.184)
Núvirði framtíðariðgjalda	0	50.633.387	50.633.387
Eignir samtals	137.516.083	47.444.641	184.960.724
Skuldbindingar:			
Ellilífeyrir	113.577.671	42.296.735	155.874.406
Örorkulífeyrir	8.908.262	5.819.834	14.728.096
Makalífeyrir	13.818.576	2.439.595	16.258.171
Barnalífeyrir	58.800	498.838	557.638
Skuldir samtals	136.363.309	51.055.002	187.418.311
Eignir umfram skuldbindingar	1.152.774	(3.610.361)	(2.457.587)
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok	0,8%	-7,1%	-1,3%
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun	4,6%	-3,3%	2,6%
2015			
Eignir:			
Hrein eign til greiðslu lífeyris	138.088.416	0	138.088.416
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa	2.764.243	0	2.764.243
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa	(705.112)	0	(705.112)
Núvirði framtíðarfjárfestingarkostnaðar	(4.458.160)	0	(4.458.160)
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar	(1.548.435)	(1.051.618)	(2.600.053)
Núvirði framtíðariðgjalda	0	43.343.527	43.343.527
Eignir samtals	134.140.952	42.291.909	176.432.861
Skuldbindingar:			
Ellilífeyrir	106.025.100	36.020.659	142.045.759
Örorkulífeyrir	8.432.017	5.057.377	13.489.394
Makalífeyrir	13.717.273	2.175.306	15.892.579
Barnalífeyrir	50.060	486.636	536.696
Skuldir samtals	128.224.450	43.739.978	171.964.428
Eignir umfram skuldbindingar	5.916.502	(1.448.069)	4.468.433
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok	4,6%	-3,3%	2,6%
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun	0,8%	-4,0%	-0,4%

Allar tölur í þús. kr.

1. Hlutverk og starfsleyfi

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum laga og samþykktum sjóðsins. Lífeyrissjóðurinn leggur sérstaka áherslu á ellilífeyrstryggingar og áskilur sér heimild til að verja þau réttindi umfram önnur.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda er með aðsetur að Borgartúni 29, 105 Reykjavík. Sjóðurinn er ætlaður öllum launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum sem eiga ekki kjarasamningsbundna aðild að öðrum lífeyrissjóðum. Sjóðurinn byggir á samtryggingu og séreign. Hann er sjálfstæður lífeyrissjóður sem ekki starfar í tengslum við stéttarfélag. Um sjóðinn gilda lög nr. 155/1998 og skipar fjármálaráðherra stjórn sjóðsins.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Sjóðurinn gerir nú ársreikning sinn í fyrsta skipti í samræmi við nýjar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða (nr. 355/2015). Nýjar reglur fela í sér töluverðar breytingar á framsetningu, reikningshaldslegu mati eigna og skýringum í ársreikningi. Fjárhæðir ársreiknings eru í íslenskum krónum og birtar í þúsundum króna.

Við gerð ársreiknings ber stjórnendum sjóðsins að meta ýmsa liði ársreikningsins. Matsaðferðirnar byggja á góðri reikningsskilavenju. Endanleg niðurstaða sem verður við innlausn eða sölu þeirra liða, sem metnir voru, getur orðið önnur en niðurstaða mats stjórnenda.

2.2 Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Uptaka á reglum fjármálaeftirlitsins nr. 335/2015 leiðir til breytinga á mati og framsetningu ýmissa liða í reikningsskilunum samanborið við meðferð skv. fyrri reglum og auk þess er samanburðarfjárhæðum breytt. Áhrif breytinganna á samanburðarfjárhæðir, bæði framsetningu þeirra og mat, er nánar farið yfir í skýringu 18.

2.3 Iðgjöld

Iðgjöld eru tekjufærð eftir skilagreinum sem hafa borist sjóðnum. Ógreidd iðgjöld í árslok eru eignfærð sem kröfur á launagreiðendur í efnahagsreikningi. Mat þeirra byggist á reynslu liðinna ára og einnig er stuðst við gögn sem fyrir liggja um skil eftir lok reikningsársins. Afskriftir iðgjalda eru færðar til lækkunar á iðgjaldatekjum. Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði er hluti af tryggingagjaldi vegna launa og rennur til lækkunar og jöfnunar á örorkubyrði milli lífeyrissjóða.

2.4 Lífeyrir

Undir lífeyri falla lífeyrisgreiðslur sjóðsins, þ.e. ellilífeyrir, makalífeyrir, örorkulífeyrir og barnalífeyrir. Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris er kostnaður við örorkumat.

2.5 Hreinar fjárfestingartekjur

Undir þennan lið færast allar fjárfestingartekjur sjóðsins að frádregnum öllum fjárfestingargjöldum.

2.5a Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

Undir þennan lið falla tekjur af fjárfestingum sjóðsins í hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum, að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga. Undir tekjur í þessum lið falla arðgreiðslur, söluhagnaður og breytingar á gangvirði til hækkunar. Undir gjöld í þessum lið fellur sölutap, breytingar á gangvirði til lækkunar svo og hliðstæð gjöld.

2.5b Hreinar tekjur af skuldabréfum

Undir þennan flokk falla hreinar tekjur af skuldabréfum, þ.e. vaxtatekjur, verðbætur og lántökupóknunar, gengisbreytingar skuldabréfa sem metin eru á gangvirði ásamt hagnaði og tapi af sölu skuldabréfa. Undir þennan lið fellur einnig varúðarniðurfærsla vegna tapshættu sem kann að vera til staðar á uppgjörsdegi.

2.5c Vaxtatekjur af bundnum innstæðum

Í þennan flokk falla vaxtatekjur af bundnum innstæðum til lengri tíma en þriggja mánaða.

2.5d Aðrar fjárfestingartekjur

Undir liðinn ýmsar fjárfestingartekjur falla tekjur af fullnustueignum lífeyrissjóðsins.

2.5e Fjárfestingargjöld

Hér undir eru öll fjárfestingargjöld og þóknunar fjármálafyrirtækja og sjóða um sameiginlega fjárfestingu vegna umsýslu á fjárfestingum ásamt því að innihalda fjárfestingargjöld sem ekki falla undir aðra liði hér að ofan. Nánar er gerð grein fyrir þessum kostnaði í skýringu 6.

Allar tölur í þús. kr.

2.6 Rekstrarkostnaður

Undir rekstrarkostnað fellur allur kostnaður vegna reksturs sjóðsins. Frá kostnaði er dreginn endurgreiddur kostnaður sem lífeyrissjóðurinn fær vegna innheimtu iðgjalda.

2.7 Fjárfestingar

Fjárfestingar sjóðsins skiptast í eignarhluti í félögum og sjóðum, skuldabréf, bundnar bankainnstæður, og aðrar fjárfestingar.

2.7a Eignarhlutir í félögum og sjóðum

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru hlutabréf og hlutdeildarskírteini sem eru færð á gangvirði.

2.7b Skuldabréf

Undir þennan flokk eru færð öll útlán til sjóðfélaga ásamt öllum skuldabréfum, hvort sem þau eru eru metin á gangvirði eða afskrifuðu kostnaðarverði. Skuldabréf og útlán sem ekki eru metin á gangvirði eru færð með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í árslok. Verðbætur eru reiknaðar miðað við viðeigandi vísitölu næsta mánaðar eftir lok reikningsárs. Í skýringu 10 má sjá nánari skiptingu á skuldabréfum eftir reikningshaldslegri flokkun.

Útlán til sjóðfélaga og skuldabréf sem haldið er til gjalddaga eru færð niður í efnahagsreikningi vegna óvissu um innheimtu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftareikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Við niðurfærsluna hefur verið tekið tillit til áhættu vegna afskrifta ásamt almennri niðurfærslu.

2.7c Bundnar innstæður

Í þennan flokk falla allar bankainnstæður sem eru bundnar lengur en til þriggja mánaða.

2.8 Kröfur

Ógreidd iðgjöld í árslok eru eignfærð sem kröfur á launagreiðendur í efnahagsreikningi. Mat þeirra byggist á reynslu liðinna ára og í árslok er metin tapsáhætta á þeim.

2.9 Rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti. Afskriftir reiknast hlutfallslega miðað við eignarhaldstíma innan ársins.

2.10 Handbært fé

Undir handbært fé falla sjóðir og innstæður hjá bönkum og sparisjóðum sem ekki falla undir bundnar innstæður.

2.11 Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í lok tímabilsins. Stuðst er við opinbert gengi sem Seðlabanki Íslands auglýsir, kaupgengi fyrir eignir og sölugengi fyrir skuldir. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

Skýringar

Allar tölur í þús. kr.

3. Iðgjöld

	2016	2015
Iðgjöld samtryggingardeildar greinast þannig:		
Iðgjöld sjóðfélaga	1.230.705	1.126.299
Sérstök aukaframlög	69.409	65.057
Mótframlag launagreiðanda	2.520.016	2.273.543
	3.820.130	3.464.899
Réttindaflutningur	(28.323)	(22.178)
Samtals	3.791.807	3.442.721
Iðgjöld séreignardeildar greinast þannig:		
Iðgjöld sjóðfélaga	47.264	42.307
Mótframlag launagreiðanda	48.141	41.475
	95.405	83.782
Réttindaflutningur	(43.508)	(75.217)
Samtals	51.897	8.565
Iðgjöld samtryggingar- og séreignardeildar samtals	3.843.704	3.451.286

4. Lífeyrir

	2016	2015
Lífeyrisgreiðslur sundurliðast þannig:		
Ellilífeyrir	2.966.108	2.668.495
Örorkulífeyrir	477.028	448.038
Makalífeyrir	364.724	343.468
Barnalífeyrir	15.303	16.454
Lífeyrisgreiðslur úr séreignardeild	156.966	67.561
Samtals	3.980.129	3.544.016
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris sundurliðast þannig:		
Kostnaður vegna örorkumats	8.633	9.000
Samtals	8.633	9.000

5. Hreinar fjárfestingartekjur

5.1 Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum sundurliðast þannig:

	2016	2015
Arðgreiðslur	336.715	453.071
Breytingar á gangvirkni	(3.013.121)	5.383.682
Samtals	(2.676.406)	5.836.753
Vegna breytinga á gengi gjaldmiðla	(4.666.715)	196.087

Skýringar

Allar tölur í þús. kr.

Hreinar tekjur af 20 stærstu eignarhlutum í félögum og sjóðum sundurliðast þannig:

	2016	2015
Vanguard Global Index Fund	(257.065)	(62.966)
Icelandair Group hf.	(1.169.539)	1.399.157
Morgan Stanley AEA Global Cons. Portfolio	(325.591)	19.491
Reitir hf.	147.780	290.577
Framtakssjóður Íslands slhf.	191.867	140.688
Marel hf.	(67.749)	963.923
Reginn hf.	356.460	302.405
Shroder Global Active Value Fund	(67.706)	70.256
MFS Global Fund	(160.419)	20.785
BlackRock Enhanced Global Fund	(260.483)	24.134
Wellington Global Research Equity	(140.725)	68.754
Capital Group New Perspective Fund	(64.686)	0
Morgan Stanley Global Opportunity Fund	(145.445)	0
Hagar hf.	310.167	143.845
Siminn hf.	(141.709)	163.822
Grandi hf.	(521.316)	303.452
N1 hf.	455.677	146.832
NWF plc.	(276.077)	274.918
Össur hf.	(168.124)	231.672
Eimskip hf.	316.873	247.270
Samtals	<u>(1.987.810)</u>	<u>4.749.015</u>

5.2 Hreinar tekjur af skuldabréfum sundurliðast þannig:

Skuldabréf sem haldið er til gjalddaga

	2016	2015
Skuldabréf með ríkisábyrgð	3.080.121	2.783.119
Skuldabréf banka	363.334	298.985
Skuldabréf sveitarfélaga	621.466	668.687
Skuldabréf fyrirtækja	338.747	325.516
Veðlán sjóðfélaga	243.467	150.609
Veðlán fyrirtækja	1.002	1.453
	<u>4.648.137</u>	<u>4.228.369</u>

Skuldabréf færð á gangvirði

	2016	2015
Skuldabréf með ríkisábyrgð	791.581	1.176.427
Bankabréf	1.259	520
Skuldabréf sveitarfélaga	151	140
Skuldabréf fyrirtækja	3.721	2.781
	<u>796.712</u>	<u>1.179.868</u>
Samtals	<u>5.444.849</u>	<u>5.408.237</u>

Breytingar á niðurfærslu

	2016	2015
Niðurfærsla í ársbyrjun	137.557	72.346
Niðurfærsla ársins vegna veðlána	(17.686)	957
Niðurfærsla ársins vegna markaðsskuldabréfa	6.009	64.254
Niðurfærsla í árslok	<u>125.880</u>	<u>137.557</u>

Skýringar

Allar tölur í þús. kr.

6. Fjárfestingargjöld

6.1 Greidd fjárfestingargjöld

	2016	2015
Vegna innheimtukostnaðar skuldabréfa	38.493	49.457
Vegna vörslupóknana rafrænnar Verðbréfaskráningar á Íslandi	21.323	21.682
Vegna fjárvörslu erlendra aðila	4.864	0
Vegna annara fjárfestingargjalda	658	1.950
	65.338	73.089

6.2 Áætluð bein fjárfestingargjöld

	2016	2015
Vegna innlendra fagfjárfestingsjóna	97.220	71.251
Vegna erlendra verðbréfasjóna	121.057	117.047
Vegna erlendra sjóna um sameiginlega fjárfestingu	66.915	78.348
	286.336	267.416

6.3 Heildareign í sjóðum að meðaltali á árinu

	2016	2015
Innlendir fagfjárfestingarsjónir	6.031.698	5.317.188
Erlendir verðbréfasjónir	20.363.358	20.486.953
Aðrir erlendir sjónir um sameiginlega fjárfestingu	4.575.440	5.372.233
	31.522.851	31.443.219

6.4 Hlutfall fjárfestingargjalda af meðaleign

	2016	2015
Hlutfall fjárfestingargjalda innlendra fjárfestingarsjóna	0,21%	0,29%
Hlutfall fjárfestingargjalda innlendra fjárfestingarsjóna	1,61%	1,34%
Hlutfall fjárfestingargjalda erlendra verðbréfasjóna	0,59%	0,57%
Hlutfall fjárfestingargjalda annarra erlendra sjóna um sameiginlega fjárfestingu	1,46%	1,46%

7. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

7.1 Skipting kostnaðar í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður greinist þannig:

	2016	2015
Laun og launatengd gjöld	178.245	165.575
Tölvu- og hugbúnaðarkostnaður	49.365	45.255
Póstburðargjöld og ritföng	20.694	19.630
Lögfræðikostnaður og innheimtupjónusta	11.063	15.299
Endurskoðun og tryggingafræðingur	12.286	7.971
Fjármálaeftirlitið árgjald	13.160	12.673
Árgjald til Landssamtaka lífeyrissjóna og umboðsmanns skuldara	4.230	5.310
Rekstur fasteignar og afskriftir búnaðar	14.003	12.360
Ýmis annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	28.509	22.888
	331.555	306.961

Hjá sjóðnum voru 14 stöðugildi árið 2016. Í stjórn eru 7 einstaklingar, 7 í varastjórn og 3 í endurskoðunarnefnd.

Skýringar

Allar tölur í þús. kr.

Laun og hlunnindi stjórnarmanna, endurskoðunarnefndar og stjórnenda sundurliðast þannig:

	2016	2015
Guðmundur Árnason, formaður stjórnar	2.120	1.932
Hrafn Magnússon, varaformaður stjórnar	1.675	1.449
Aðalbjörg Lúthersdóttir stjórn og endurskoðunarnefnd	1.590	1.449
Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir, stjórn og endurskoðunarnefnd	1.590	1.449
Sigurður Þórðarson, formaður endurskoðunarnefndar	1.060	966
Svana H. Björnsdóttir, stjórn	1.060	966
Einar Sveinbjörnsson, stjórn	1.060	966
Þuríður Einarsdóttir, fv. stjórn	518	966
Reynir Þorsteinsson, stjórn	542	86
Varamenn	131	121
Sigurbjörn Sigurbjörnsson framkvæmdastjóri	19.125	17.712
Prír sviðsstjórar samtals	45.307	40.996
	<u>75.778</u>	<u>69.058</u>

Framkvæmdastjóri fékk greiddar 90 þús., fyrir stjórnarformennsku í Greiðslustofu lífeyrissjóða og 90 þús., fyrir stjórnarformennsku í Reiknisstofu lífeyrissjóða hf. Sviðsstjóri eignastýringarsviðs fékk greiddar fyrir þátttöku í fjárfestingarráði Horns II og III slhf., 1.650 þús., fyrir Jarðvarma slhf., 600 þús. og fyrir þátttöku í fjárfestingarráði FÍ fasteignafélags slhf., 600 þús. Fjárhæðirnar miðast við allt árið 2016.

Þóknun til ytri endurskoðanda sjóðsins greinist þannig:

	2016	2015
Endurskoðun	3.870	2.816
Önnur þjónusta	933	521
	<u>4.803</u>	<u>3.337</u>

Þóknun til innri endurskoðanda sjóðsins greinist þannig:

	2016	2015
Innri endurskoðun	3.030	2.212
Önnur þjónusta	2.593	0
	<u>5.623</u>	<u>2.212</u>

Þóknun til tryggingastærðfræðings sjóðsins greinist þannig:

	2016	2015
Útreikningur á tryggingafræðilegri stöðu	1.815	1.615
Önnur þjónusta	0	807
	<u>1.815</u>	<u>2.422</u>

8. Fjárfestingar sjóðsins greinast þannig:

	Innlend	Erlend	Samtals
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	21.629.112	29.030.641	50.659.753
Skuldabréf án veðlána	81.614.786	514.880	82.129.666
Veðlán	5.423.313	0	5.423.313
Bundnar bankainnstæður	1.850.937	0	1.850.937
	<u>110.518.148</u>	<u>29.545.521</u>	<u>140.063.669</u>
Fullnustueignir	0	0	0
	<u>110.518.148</u>	<u>29.545.521</u>	<u>140.063.669</u>

Skýringar

Allar tölur í þús. kr.

9. Eignarhlutir í félögum og sjóðum

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

	Skráð	Óskráð	Samtals
Eignarhlutir í innlendum félögum	14.082.965	2.134.543	16.217.508
Eignarhlutir í erlendum félögum	583.653	11.728	595.381
Hlutdeildarskráteini í innl. verðbréfasjóðum	992.583	4.486.878	5.479.461
Hlutdeildarskráteini í erl. verðbréfasjóðum	25.006.889	3.360.514	28.367.403
	<u>40.666.090</u>	<u>9.993.663</u>	<u>50.659.753</u>

Skráð hlutafélög:

	Hlutdeild	Kostnaðarverð	Gangvirði
Icelandair hf.	2,0%	1.528.251	2.358.646
Marel hf.	1,2%	1.311.815	2.104.565
Hagar hf.	2,5%	1.130.796	1.562.813
Reginn hf.	3,4%	701.357	1.371.254
Reitir hf.	1,8%	932.874	1.274.057
Síminn hf.	3,5%	1.093.705	1.056.779
Grandi hf.	2,1%	1.215.139	1.011.509
Eimskip hf.	1,6%	831.698	1.000.660
N1 hf.	2,5%	272.307	803.128
Össur hf.	0,5%	332.057	792.563
Skeljungur hf.	3,1%	415.709	444.619
Vodafone hf.	2,2%	210.922	302.372
NWF plc.	4,9%	597.827	583.653
			<u>14.666.618</u>

Skráðir innlendir sjóðir:

	Hlutdeild	Kostnaðarverð	Gangvirði
Veltubríf Landsbanka	0,6%	400.000	400.616
Skammtímasjóður ÍV	0,2%	300.000	300.618
Aðrir skráðir sjóðir			291.349
			<u>992.583</u>

Óskráð félög og sjóðir:

	Hlutdeild	Kostnaðarverð	Gangvirði
Framtakssjóður Íslands slhf.	8,5%	1.004.706	2.171.737
Jarðvarmi slhf.	8,0%	664.970	1.494.004
Heimavellir leigufélag slhf.	3,4%	395.046	465.000
Alda slhf.	6,6%	105.810	107.400
Horn II slhf.	5,6%	366.640	645.872
Stefnir SÍA II slhf.	4,0%	275.800	395.608
Stefnir ÍS-5	3,0%	101.737	178.432
Auður I framtakssjóður	5,8%	130.048	173.204
Kjölfesta slhf.	6,3%	107.917	133.480
Horn III slhf.	3,3%	126.400	126.400
Aðrir sjóðir		600.000	661.805
Önnur félög		49.730	80.207
			<u>6.633.149</u>
Eignarhlutir í félögum og sjóðum samtals			<u>22.292.350</u>

Skýringar

Allar tölur í þús. kr.

Eignir í skráðum erlendum sjóðum:

	Hlutdeild	Kostnaðarverð	Gangvirði
Vanguard Global Index fund	0,4%	6.312.831	5.830.224
Morgan Stanley AEA Global Cons. Portfolio	0,1%	2.262.638	2.220.275
Shroder Global Active Value Fund	0,8%	1.797.355	2.053.786
MFS Global Fund	1,9%	1.891.163	2.026.595
BlackRock Enhanced Global Fund	10,3%	2.568.147	1.935.100
Wellington Global Research Equity	5,7%	1.000.619	1.693.146
Capital Group New Perspective Fund	1,7%	1.721.550	1.656.864
Morgan Stanley Global Opportunity Fund	1,3%	1.752.643	1.607.198
Alliance Thematic Research Portfolio	2,1%	1.384.621	1.485.910
State Street Global Enhanced Index Fund	2,6%	1.279.410	1.227.176
Shroder Private Equity Fund of Funds IV	2,2%	44.522	536.378
Shroder Private Equity Fund of Funds III	1,6%	-161.426	322.028
Shroder Private Equity Fund of Funds II	0,3%	-505.333	124.317
Alþjóðlegu framtakssjóðirnir I og II	-	-583.113	186.906
Aðrir sjóðir	0,5%	1.719.965	2.100.986
			<u>25.006.889</u>

Eignir í óskráðum erlendum sjóðum:

	Hlutdeild	Kostnaðarverð	Gangvirði
Morgan Stanley AIP Private Markets Fund VI	0,9%	568.787	531.160
Morgan Stanley AIP Private Markets Fund III	0,7%	-517.253	420.253
BlackRock Diversified Private Equity Progr. IV	0,7%	159.154	403.795
BlackRock Diversified Private Equity Progr. V	0,6%	405.810	377.684
Morgan Stanley Emerging Market Fund I	0,7%	88.452	265.337
Hamilton Lane Private Equity Land IX	1,9%	267.359	253.193
Standard Life Secondary Opportunity Fund II	1,2%	189.859	201.476
BlackRock Private Opportunity Fund III	0,5%	213.353	193.722
Adveq Specialized Investments	1,4%	193.437	162.715
BlackRock Diversified Private Equity Progr. III	0,5%	-231.133	137.409
Shroder Asia Private Equity Fund	0,8%	95.093	135.520
Aðrir sjóðir		323.695	278.250
			<u>3.360.514</u>
Eignarhlutir í sjóðum samtals			<u>28.367.403</u>
Eignarhlutir í félögum og sjóðum samtals			<u>50.659.753</u>

Kostnaðarverð miðast við inngreiddar fjárhæðir að teknu tilliti til þeirra greiðslna sem hafa verið greiddar til baka. Neikvæð fjárhæð í kostnaðarverði sjóða þýðir að Söfnunarsjóðurinn hefur fengið meira greitt en hann lagði í viðkomandi sjóð. Allar fjárhæðir erlendra sjóða miðast við gengi eins og það var í árslok 2016. Kostnaðarverð innlendra hlutabréfa miðast við kaupverð að teknu tilliti til sölu sömu hluta.

Skýringar

Allar tölur í þús. kr.

10. Skuldabréf metin á gangvirði

Skuldabréf með ríkisábyrgð	8.192.275
Bankabréf	63.928
Skuldabréf sveitarfélaga	997
Skuldabréf fyrirtækja	54.524
Veðlán fyrirtækja	0
	8.311.724

10.1 Skuldabréf haldið til gjalddaga:

Skuldabréf með ríkisábyrgð	52.304.825
Skuldabréf banka	7.191.118
Skuldabréf sveitarfélaga	9.579.710
Skuldabréf fyrirtækja	4.742.289
Veðlán sjóðfélaga	5.411.679
Veðlán fyrirtækja	11.634
	79.241.255

Skuldabréf alls	87.552.979
-----------------------	-------------------

Áætlað gangvirði skuldabréfa haldið til gjalddaga	88.451.385
---	-------------------

11. Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Fjárfestingar skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:

	Í íslenskum krónum	Í erlendum gjaldmiðlum	Samtals
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	21.629.112	29.030.641	50.659.753
Skuldabréf án veðlána	81.614.786	514.880	82.129.666
Veðlán	5.423.313	0	5.423.313
Bundin innlán hjá innlánsstofnunum	1.850.937	0	1.850.937
	110.518.148	29.545.521	140.063.669

Hlutfallsleg skipting	78,9%	21,1%	100%
-----------------------------	-------	-------	------

Skipting fjárfestinga eftir helstu erlendu gjaldmiðlum:

ISK	110.518.148
EUR	5.884.847
USD	22.497.154
GBP	1.163.520
Aðrir gjaldmiðlar	0
	140.063.669

Skýringar

Allar tölur í þús. kr.

12. Varanlegir rekstrarfjármunir

Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna greinist þannig:

	Fasteign til eigin nota	Rekstrar-fjármunir	2016	2015
Heildarverð í ársbyrjun	140.252	40.746	180.998	179.973
Viðbætur á árinu	3.007	3.074	6.081	1.025
Afskrifað í ársbyrjun	(5.976)	(23.632)	(29.608)	(24.743)
Afskrifað á árinu	(1.353)	(3.105)	(4.458)	(4.864)
Bókfært verð í árslok	<u>135.931</u>	<u>17.083</u>	<u>153.013</u>	<u>151.391</u>

Fasteignamat og váttryggingarverðmæti greinist þannig:

	Fasteignamat	Váttryggingamat	Bókfært verð
Fasteign til eigin nota	136.150	174.716	135.931

13. Aðrar skuldir

	2016	2015
Ógreiddir gjaldfærðir reikningar í árslok	10.680	11.349
Inneign launagreiðenda vegna skilagreina	7.686	8.244
Ónýtt áunnið orlof starfsmanna	16.591	15.999
Vegna séreignardeildar sjóðsins	4.739	214.296
	<u>39.696</u>	<u>249.888</u>

14. Tryggingafræðileg staða

Hér koma forsendur fyrir tryggingafræðilegrí stöðu.

Yfirlit um breytingu á tryggingafræðilegrí stöðu samtryggingardeildar:

Eignir	2016	2015
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjörs í árslok	184.960.724	176.432.859
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjörs í ársbyrjun	176.432.859	163.126.987
Hækkun (lækkun) endurmetinnar eignar á árinu	<u>8.527.865</u>	<u>13.305.872</u>

Skuldbindingar

Skuldbindingar í árslok	187.418.310	171.964.427
Skuldbindingar í ársbyrjun	171.964.427	163.865.317
Hækkun (lækkun) skuldbindinga á árinu	<u>15.453.883</u>	<u>8.099.110</u>
Breyting á tryggingafræðilegrí stöðu á árinu	<u>(6.926.018)</u>	<u>5.206.762</u>

Yfirlit um breytingu á áföllnum lífeyrisskuldbindingum samtryggingardeildar:

	2016	2015
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í ársbyrjun	128.224.449	122.465.038
Hækkun lífeyrisskuldbindinga vegna vaxta og verðbóta	7.270.500	6.909.282
Hækkun áunninna réttinda vegna iðgjalda ársins	3.399.842	3.399.842
Lækkun vegna greidds lífeyris á árinu	(3.823.163)	(3.476.457)
Hækkun vegna nýrra lífslíkatafna	2.165.305	0
Hækkun (lækkun) vegna annarra breytinga	(873.625)	(1.073.256)
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í árslok	<u>136.363.308</u>	<u>128.224.449</u>

15. Skuldbindingar utan efnahags

Sjóðurinn hefur skuldbundið sig til þess að fjárfesta í innlendum og erlendum framtakssjóðum á næstu árum. Ógreidd fjárhæð nemur um 5.318 millj. kr. m.v. gengi í árslok 2016. Þessi fjárhæð getur komið til greiðslu á næstu árum.

Skýringar

Allar tölur í þús. kr.

16. Fjármálagerningar

16.1 Flokkar fjármálagerninga

Fjárfestingar lífeyrissjóðsins skiptast í eftirfarandi flokka fjármálagerninga:

Fjárfestingar í árslok 2016

	Fjárfestingar á gangvirði	Útlán	Haldið til gjalddaga	Samtals
Félög og sjóðir	50.659.753	0	0	50.659.753
Skuldabréf	8.311.810	5.423.313	73.817.856	87.552.979
Bundnar bankainnstæður	0	0	1.850.937	1.850.937
Fjárfestingar samtals	58.971.563	5.423.313	75.668.793	140.063.669

Fjárfestingar í árslok 2015

	Fjárfestingar á gangvirði	Útlán	Haldið til gjaldaga	Samtals
Félög og sjóðir	50.112.798	0	0	50.112.798
Skuldabréf	10.829.138	2.384.381	72.648.494	85.862.013
Bundnar bankainnstæður	0	0	1.722.867	1.722.867
Fjárfestingar samtals	60.941.936	2.384.381	74.371.361	137.697.678

Gangvirði skuldabréfa sem haldið er til gjalddaga var í árslok 2016 88,5 og gangvirði fjárfestinga samtals var 149,3 í árslok 2016.

16.2 Stigskipting gangvirðis

Taflan hér að neðan sýnir fjármálagerninga, færða á gangvirði, flokkaða eftir verðmatsaðferð. Matsaðferðum er skipt í þrjú stig sem endurspeglar áreiðanleika þeirra forsenda sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun gangvirðis. Stigin eru eftirfarandi:

Stig 1:

Gangvirðismat byggir á uppgefnu verði á virkum markaði fyrir sams konar eignir og skuldir.

Stig 2:

Gangvirðismatið byggir ekki á uppgefnu verði á virkum markaði (stig 1) heldur á upplýsingum sem eru sannreynanlegar fyrir eignina eða skuldina, annað hvort beint (t.d. verð) eða óbeint (t.d. afleiddar af verðum).

Stig 3:

Gangvirðismatið byggir á mikilvægum upplýsingum öðrum en markaðsupplýsingum.

Sjóðurinn metur í lok hvers árs hvort eignir og skuldir sem reglulega eru metnar til gangvirðis hafi færst milli stiga, með því að yfirfara flokkunina og er þá byggt á uppruna þeirra breyta sem hafa mikil áhrif á gangvirðismat eignanna.

	Stig 1	Stig 2	Stig 3	2015
Fjárfestingar á gangvirði	50.097.545	0	10.844.391	60.941.936

	Stig 1	Stig 2	Stig 3	2016
Fjárfestingar á gangvirði	49.154.843	465.000	9.351.720	58.971.563

Við mat á fjáreignum sem falla undir 2. stig eru notaðar eftirfarandi aðferðir:

2. stig eru fjárfestingar þar sem ekki er virkur markaður. Matið byggist á nýlegum viðskiptum ótengdra aðila eða á kauptilboði frá ótengdum aðilum.

Við mat á fjáreignum sem falla undir 3. stig eru notaðar eftirfarandi aðferðir:

3. stigs fjárfestingar eru færðar fjárfestingar í óskráðum framtakssjóðum og félögum. Við mat á virði eru notuð gögn frá rekstraraðilum sjóðanna s.s. verðmat, söluréttur eða verðmat undirliggjandi félaga í sjóðunum. Varðandi félög þá er byggt á afkomu þeirra eða samanburði við sambærileg félög sem skráð eru á opinberum markaði.

Skýringar

Allar tölur í þús. kr.

Breytingar sem falla undir 3. stig á árinu eru eftirfarandi:

Staða 1.1.2016	10.844.391
Keypt á árinu	1.575.628
Selt á árinu	(3.032.146)
Arðgreiðslur	53.996
Flutt af stigi 3 á stig 2	0
Matsbreyting	(90.149)
Staða 31.12.2016	<u>9.351.720</u>

17. Áhættupættir í starfsemi og áhættustýring

Markmið sjóðsins með áhættustýringu er að setja mælanleg viðmið um áhættutöku, að hafa eftirlit með því að áhættan sé innan settra viðmiða og bregðast við ef hún fer út fyrir þau. Þessi mælanlegu viðmið eru því grundvöllur áhættustýringarinnar og eru þau sett fram bæði í áhættustefnu og fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Stjórn lífeyrissjóðsins hefur mótað og skilgreint áhættustefnu fyrir sjóðinn sem er yfirfarin og upplærð árlega eftir þörfum. Stefnan grundvallast á lagafyrirmælum, leiðbeinandi tilmælum FME og stefnumótun sjóðsins. Áhættustefnan er hluti af innra skipulagi sjóðsins og inniheldur sundurliðaða greiningu áhættupátta og mat stjórnenda á mikilvægi hvers áhættupátta í rekstri sjóðsins. Í áhættustefnunni eru sett fram viðmið fyrir hverja skilgreinda áhættu sem lýsa því hvað stjórnendur meta sem ásættanlega áhættu og hvernig eftirliti er háttað til sannprófunar á hlítingu viðmiðanna. Eftirlitið felur í sér framkvæmd tímasettra eftirlitsaðgerða sem hver og ein hefur tilgreindan umsjónaraðila.

Í lögum um starfsemi lífeyrissjóða eru skilgreindar heimildir sjóðsins til fjárfestinga og hámark fjárfestinga í einstökum eignaflokkum. Fjárfestingarstefna sjóðsins verður alltaf að lágmarki að vera innan þessara marka laganna en svo er það stjórnenda sjóðsins að setja frekari skorður á fjárfestingarstefnu sem miða að því að finna ásættanlegt jafnvægi milli ávöxtunar og áhættu. Fjárfestingarstefnan er yfirfarin árlega og ný útgáfa gefin út fyrir hvert rekstrarár.

Hér á eftir verður fjallað um helstu tegundir áhættu sem sjóðurinn stendur frammi fyrir í daglegri starfsemi sinni.

17.1 Fjárhagsleg áhætta

Fjárhagsleg áhætta felst í hættunni á fjárhagslegu tapi vegna breytinga á vöxtum, gengi gjaldmiðla eða virði verðbréfa. Fjárhagslegri áhættu má skipta niður í nokkrar lykilaáhætta sem fjallað er ýtarlega um hér að neðan.

Vaxtaáhætta:

Hættan á að breytingar á vöxtum og lögum vaxtaferils leiði til lækkunar á virði skuldabréfa. Næmi skuldabréfaverðs fyrir breytingum á markaðsvöxtum er jafnan mælt í meðaltíma skuldabréfs, í því samhengi lækkar skuldabréf með langan meðaltíma meira í verði þegar markaðsvextir hækka heldur en skuldabréf með styttri meðaltíma.

Því er ljóst að ef vextir hækka getur sjóðurinn þurft að innleysa gengistap við sölu á skuldabréfum sem keypt voru á lægri vöxtum. Eins getur lækkandi vaxtaumhverfi leitt til lægri ávöxtunarkröfu við kaup nýrra skuldabréfa þegar núverandi skuldabréf eru á gjalddaga og þegar fjárfest er fyrir innflæði (endurfjárfestingaráhætta).

Um áramótin 2015/2016 tóku gildi nýjar reglur Fjármálaeftirlitsins, nr. 335/2015, um ársreikninga lífeyrissjóða. Samkvæmt þeim skal almennt meta fjármálagerninga á gangvirði þeirra. Hins vegar er heimilt að miða verðmat skuldabréfs við kaupávöxtunarkröfu ef það er markmið sjóðsins að halda skuldabréfi til gjalddaga. Sjóðurinn hefur mótað sér þá stefnu um matsaðferð skuldabréfa að óverðtryggð skuldabréf með ábyrgð ríkisins eru metin á gangvirði/markaðsávöxtunarkröfu frá og með 31.12.2015 en öll önnur skuldabréf eru metin á kaupávöxtunarkröfu.

Hér að neðan má sjá hvaða áhrif breytingar á ávöxtunarkröfu hafa á gangvirði skuldabréfa sem færð eru til bókar á gangvirði, hreina eign og tryggingafræðilega stöðu. Annars vegar er gert ráð fyrir að ávöxtunarkrafa verðtryggðra og óverðtryggðra markaðsskuldabréfa lækki um 100 punkta og hins

Áhrif á hreina eign til greiðslu lífeyris:

	<u>31.12.2016</u>	<u>31.12.2016</u>	<u>31.12.2015</u>	<u>31.12.2015</u>
	<u>100 punkta</u>	<u>100 punkta</u>	<u>100 punkta</u>	<u>100 punkta</u>
	<u>lækkun</u>	<u>hækkun</u>	<u>lækkun</u>	<u>hækkun</u>
Breyting á ávöxtunarkröfu:				
Verðtryggð skuldabréf færð á gangvirði	0	0	0	0
Óverðtryggð skuldabréf færð á gangvirði	488.076	(441.132)	794.985	(720.205)
Samtals gangvirðisbreyting	<u>488.076</u>	<u>(441.132)</u>	<u>794.985</u>	<u>(720.205)</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris	140.582.396	140.582.396	138.088.416	138.088.416
Breyting á hreinni eign	<u>488.076</u>	<u>(441.132)</u>	<u>794.985</u>	<u>(720.205)</u>
Hrein eign eftir breytingu	<u>141.070.472</u>	<u>140.141.264</u>	<u>138.883.401</u>	<u>137.368.211</u>

Skýringar

Allar tölur í þús. kr.

Áhrif á tryggingafræðilega stöðu:

Breyting á ávöxtunarkröfu:

	31.12.2016 100 punkta lækkun	31.12.2016 100 punkta hækkun	31.12.2015 100 punkta lækkun	31.12.2015 100 punkta hækkun
Verðtr. skuldabréf á gangvirði	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Óverðtr. skuldabréf á gangvirði	0,3%	-0,2%	0,5%	-0,4%
Samtals áhrif á tryggingafræðilega stöðu	0,3%	-0,2%	0,5%	-0,4%
Tryggingafræðileg staða	-1,3%	-1,3%	2,6%	2,6%
Breyting á tryggingafræðilegri stöðu	0,3%	-0,2%	0,5%	-0,4%
Tryggingafræðileg staða eftir breytt gangvirði	-1,1%	-1,5%	3,1%	2,2%

Uppgreiðsluáhætta:

Hluti af skuldabréfaeign sjóðsins er með uppgreiðsluheimild. Í því er fólgin uppgreiðsluáhætta því ef skuldabréf er greitt upp fyrir lokagjaldþaga getur lífeyrissjóðurinn lent í því að þurfa að endurfjárfesta á lægri vöxtum.

Markaðsáhætta:

Hættan á að breytingar í markaðsverði vaxta, gengi hlutabréfa og erlendra gjaldmiðla hafi áhrif á afkomu sjóðsins og virði fjárfestinga hans. Markmið með stýringu markaðsáhhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ávöxtun sjóðsins miðað við áhættu er hámarksuð. Markaðsáhhættu er m.a. stýrt með takmörkunum í fjárfestingarstefnu, fjárfestingarheimildum og áhættuviðmiðum

Til að meta líkur á tilteknu tapi miðað við eignasafn sjóðsins og söguleg markaðsgögn er notast við VaR sem þýðir Value at Risk. Oftast er svo bætt

	Fjárhæðir		Hlutfall af eignum	
	31.12.2016	31.12.2015	31.12.2016	31.12.2015
Innlend og erlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir				
Innlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir á gangvirði	21.416.976	22.105.999	15,2%	16,0%
Erlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir á gangvirði	28.958.961	27.716.066	20,6%	20,1%
Samtals:	50.375.936	49.822.065	35,8%	36,1%

Áhrif 5% og 10% lækkunar á gangvirði eignarhluta í félögum og sjóðum á eignir sjóðsins og tryggingafræðilega stöðu er sýnt hér að neðan. Tekið skal fram að 5% og 10% hækkun á gangvirði hefur sömu áhrif en í gagnstæða átt, þ.e. til hækkunar á hreinni eign til greiðslu lífeyris og til bætingar á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins.

Áhrif á hreina eign til greiðslu lífeyris:

	31.12.2016	31.12.2016	31.12.2015	31.12.2015
Breyting á gangvirði:	-5%	-10%	-5%	-10%
Áhrif á innlend hlutabréf og hlutabréfasjóði á gangvirði	(1.070.849)	(2.210.600)	(1.105.300)	(2.210.600)
Áhrif á erlend hlutabréf og hlutabréfasjóði á gangvirði	(1.447.948)	(2.771.607)	(1.385.803)	(2.771.607)
Samtals gangvirðisbreyting:	(2.518.797)	(4.982.206)	(2.491.103)	(4.982.206)
Hrein eign til greiðslu lífeyris	140.582.396	140.582.396	138.088.416	138.088.416
Breyting á hreinni eign	(2.518.797)	(4.982.206)	(2.491.103)	(4.982.206)
Hrein eign til greiðslu lífeyris eftir breytingu á gangvirði	138.063.599	135.600.190	135.597.313	133.106.210

Áhrif á tryggingafræðilega stöðu:

	31.12.2016	31.12.2016	31.12.2015	31.12.2015
Breyting á gangvirði:	-5%	-10%	-5%	-10%
Áhrif vegna innlendra hlutabréfa og hlutabréfasjóða	(0,6%)	(1,2%)	(0,6%)	(1,3%)
Áhrif vegna erlendra hlutabréfa og hlutabréfasjóða	(0,8%)	(1,5%)	(0,8%)	(1,6%)
Samtals gangvirðisbreyting:	(1,3%)	(2,7%)	(1,4%)	(2,9%)
Tryggingafræðileg staða	(1,3%)	(1,3%)	2,6%	2,6%
Breyting á tryggingafræðilegri stöðu	(1,3%)	(2,7%)	(1,4%)	(2,9%)
Tryggingafræðileg staða eftir breytingar á gangvirði	(2,7%)	(4,0%)	1,1%	(0,3%)

Skýringar

Allar tölur í þús. kr.

Gjaldmiðlaáhætta:

Hættan á að styrking krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum rýri verðmæti erlendra eigna sjóðsins mælt í íslenskum krónum en erlendar eignir eru nú 21,3% af eignasafni sjóðsins. Sjóðurinn hafði fyrir tilkomu gjaldeyrishafta stýrt gjaldeyrissáhattunni á virkan hátt með framvirkum samningum og valréttum. Í dag er búið að afnema höftin og því aftur orðið mögulegt að stýra þessari áhættu með afleiðusamningum. Að eiga erlendar eignir er góð vörn gegn gengislækkun krónu og því mikilvægur hluti af áhættuvörnum sjóðsins.

Hér að neðan er fjallað um þá gjaldmiðla sem mest áhrif hafa á rekstur sjóðsins. Upplýsingar um gengi miðast við kaupgengi Seðlabanka Íslands.

Mynt	Árslokagengi		Ársflökt	
	2016	2015	2016	2015
USD	112,55	129,28	8,6%	8,1%
EUR	118,80	140,93	3,1%	2,6%
GBP	138,57	191,59	12,0%	6,5%

Skipting eigna eftir myntum:

	Fjárhæðir		Hlutfall af eignum	
	31.12.2016	31.12.2015	31.12.2016	31.12.2015
USD	22.778.972	20.533.097	16,2%	14,8%
EUR	5.680.471	6.044.800	4,0%	4,4%
GBP	1.163.559	1.466.099	0,8%	1,1%
Aðrir erlendir gjaldmiðlar	88	0	0,0%	0,0%
Samtals	29.623.090	28.043.997	21,1%	20,3%

Í töflunni hér að neðan er sýnt hvaða áhrif 5% og 10% styrking á gengi íslensku krónunnar gagnvart viðkomandi gjaldmiðlum hefði á gangvirði eigna í erlendri mynt, hreina eign til greiðslu lífeyris og tryggingafræðilega stöðu miðað við stöðu eigna í viðkomandi gjaldmiðli á reikningsskiladegi. 5% og 10% veiking á gengi íslensku krónunnar hefði sambærileg áhrif í gagnstæða átt.

Áhrif á hreina eign til greiðslu lífeyris:

Styrking á gengi krónunnar:	31.12.2016	31.12.2016	31.12.2015	31.12.2015
	5%	10%	5%	10%
USD	(1.138.949)	(2.277.897)	(1.026.655)	(2.053.310)
EUR	(284.024)	(568.047)	(302.240)	(604.480)
GBP	(58.178)	(116.356)	(73.305)	(146.610)
Aðrir erlendir gjaldmiðlar	(4)	(9)	0	0
Samtals gangvirðisbreyting	(1.481.155)	(2.962.309)	(1.402.200)	(2.804.400)
Hrein eign til greiðslu lífeyris	140.582.396	140.582.396	138.088.416	138.088.416
Breyting á hreinni eign	(1.481.155)	(2.962.309)	(1.402.200)	(2.804.400)
Hrein eign eftir breytingu á gangvirði	139.101.241	137.620.087	136.686.216	135.284.016

Áhrif á tryggingafræðilega stöðu:

Styrking á gengi krónunnar:	31.12.2016	31.12.2016	31.12.2015	31.12.2015
	5%	10%	5%	10%
USD	(0,6%)	(1,2%)	(0,6%)	(1,2%)
EUR	(0,2%)	(0,3%)	(0,2%)	(0,4%)
GBP	(0,0%)	(0,1%)	(0,0%)	(0,1%)
Aðrir erlendir gjaldmiðlar	(0,0%)	(0,0%)	0,0%	0,0%
Samtals gangvirðisbreyting	(0,8%)	(1,6%)	(0,8%)	(1,6%)
Tryggingafræðileg staða	(1,3%)	(1,3%)	2,6%	2,6%
Breyting á tryggingafræðilegri stöðu	(0,8%)	(1,6%)	(0,8%)	(1,6%)
Tryggingafræðileg staða eftir breytingu á gangvirði	(2,1%)	(2,9%)	1,8%	1,0%

Skýringar

Allar tölur í þús. kr.

Ósamræmisáhætta:

Ósamræmisáhætta vísar til ósamræmis í breytingum á gangvirði eigna annars vegar og skuldbindinga hins vegar. Dæmi um áhættuþátt er verðtrygging. Lífeyrisréttindi eru verðtryggðar skuldbindingar, en eignir sjóðsins eru hins vegar ekki verðtryggðar að fullu. Ýmsar eignir hafa þó eiginleika óbættar verðtryggingar. Álagsprófum og næmnigreiningum er beitt á eignir og skuldbindingar til þess að meta næmni þeirra fyrir breytingum á vöxtum, verðbólgu og öðrum þáttum sem eru sameiginlegir eignum og skuldbindingum.

Verðbólguáhætta:

Verðbólguáhætta er sú hætta að verðbólga valdi hækkun á lífeyrisskuldbindingum umfram raunávöxtun óverðtryggðra eigna. Verðbólguáhætta er viðvarandi í rekstri sjóðsins þar sem skuldbindingar eru að fullu verðtryggðar en eignasafnið er hins vegar að hluta ávaxtað í óverðtryggðum verðbréfum.

Verðtryggðar eignir:

	Fjárhæðir		Hlutfall af eignum	
	31.12.2016	31.12.2015	31.12.2016	31.12.2015
Skuldabréf með ábyrgð ríkisins	47.848.540	50.617.445	34,0%	36,6%
Útlán til sjóðfélaga og annarra	4.650.028	2.372.762	3,3%	1,7%
Önnur skuldabréf	21.055.519	20.073.128	15,0%	14,5%
Innlán	287.922	262.300	0,2%	0,2%
Samtals	<u>73.842.007</u>	<u>73.325.635</u>	<u>52,5%</u>	<u>53,0%</u>

Áhætta vegna eigna utan efnahagsreiknings:

Hætta á breytingum á undirliggjandi eignum eða skuldbindingum utan efnahags. Framvirkir gjaldmiðlasamningar, afleiður og skuldbindandi samningar um greiðslur í framtakssjóði eru dæmi um eignir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings. Ekki eru til staðar opinri og útistandandi framvirkir gjaldmiðlasamningar og afleiður hjá sjóðnum. Upplýsingar um skuldbindingar vegna framtakssjóða er að finna í skýringu nr. 9.

17.2 Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi sjóðsins ef mótaðili eða viðskiptamaður í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Helsta mótaðilaáhætta sjóðsins verður til við kaup á verðbréfum og með veitingu veðlána.

Stærsta einstaka mótaðilaáhætta sjóðsins er á ríkissjóð Íslands en 42% af eignum sjóðsins eru skuldabréf með ríkisábyrgð. Ef horft er fram hjá ríkissjóði þá hefur sjóðurinn sett sér þá stefnu að enginn mótaðili vegi meira en 5% af hreinni eign sjóðsins. Sjóðurinn gengur þar lengra en lagaraminn um fjárfestingar lífeyrissjóða segir til um. Eftirlit með mótaðilaáættu er í stöðugri þróun hjá sjóðnum en undir hana falla m.a. útlánaáhætta, samþjöppunaráhætta, landsáhætta og afhendingar-/uppgjörsáhætta.

Útlánaáhætta er sú áhætta að mótaðilar standi ekki skil á greiðslum af fjármálagerningum. Dæmi um slíka fjármálagerninga eru skuldabréf, víxlar, skuldaviðurkenningar og innlán, en dæmi um aðra samninga sem geta falið í sér útlánaigildi er afleiðusamningar. Útlánaáhætta er m.a. metin á grundvelli mats á lánsþæfi stærstu útgefenda ásamt því að fylgjst er með þróun vanskila.

Þeir mótaðilar sjóðsins sem hafa opinbera lánsþæfiseinkunn eru ríkissjóður, Arion banki hf., Landsbankinn hf. og Íslandsbanki hf. Ríkissjóður er með einkunnirnar A1/BBB+/BBB+ (Moody's/Fitch/Standard & Poor's) þegar kemur að langtímaskuldbindingum í innlendri mynt. Lánsþæfiseinkunn ríkissjóðs var hækkuð um mitt ár 2016. Arion banki er með lánsþæfiseinkunn BBB frá Standard & Poor's á skuldbindingum til langs tíma. Íslandsbanki er með BBB frá bæði Fitch og Standard and Poor's á skuldbindingum til langs tíma. Landsbankinn er með lánsþæfiseinkunn BBB frá Standard and Poor's.

Útlánaáhætta:

	Fjárhæðir		Hlutfall af eignum	
	31.12.2016	31.12.2015	31.12.2016	31.12.2015
Skuldabréf með ríkisábyrgð (BBB+)	58.474.069	60.102.852	41,6%	43,5%
Mótaðilar (BBB)	6.864.103	6.505.101	4,9%	4,7%
Útlán til sjóðfélaga	5.411.679	2.372.762	3,8%	1,7%
Önnur skuldabréf	16.208.640	15.696.310	11,5%	11,4%
Varúðarniðurfærsla skuldabréfa	(125.880)	(137.557)	-0,1%	-0,1%
Samtals	<u>86.832.611</u>	<u>84.539.467</u>	<u>61,8%</u>	<u>61,1%</u>

Yfir 90 daga vanskil

	Fjárhæð		Hlutfall af eignum	
	31.12.2016	31.12.2015	31.12.2016	31.12.2015
Útlán til sjóðfélaga	71.475	101.954	0,1%	0,1%
Önnur útlán	70.284	0	0,0%	0,0%
Samtals	<u>141.759</u>	<u>101.954</u>	<u>0,1%</u>	<u>0,1%</u>

Varúðarniðurfærsla vegna útlána og skuldabréfa

Í árslok 2016	(125.880)
Í árslok 2015	(137.557)
Breyting á niðurfærslu	<u>11.677</u>

17.3 Lífeyrstryggingaráhætta

Lífeyrstryggingaráhætta er hættan á því að lífeyrissjóður geti ekki staðið við lífeyrisskuldbindingar sínar að fullu. Lífeyrstryggingaráhættu má skipta í skerðingarhættu, iðgjaldaáhættu, umhverfisáhættu, lýðfræðilega áhættu og réttindaflutningsáhættu. Til þess að meta lífeyrstryggingaráhættu er m.a. horft á hlutfall lífeyris á móti iðgjöldum, aldurssamsetningu sjóðfélaga og fleira.

Álagspróf með hliðsjón af leiðbeinandi tilmælum FME nr. 1/2013

Sjóðurinn framkvæmir reglulega álagspróf með hliðsjón af leiðbeinandi tilmælum FME nr. 1/2013. Markmiðið með framkvæmd álagsprófsins er að meta hvort munur á lífeyrisskuldbindingum sjóðsins og eignasafninu fari í einhverjum tilvikum yfir 10% miðað við mismunandi álagsþætti, þ.e. hvort það vantar 10% upp á eignasafnið til að standa við lífeyrisskuldbindingarnar.

Þetta er gert þar sem að í 39. gr. laga nr. 129/1997 er kveðið á um að ef heildar tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða án ábyrgðar, leiðir í ljós að meira en 10% munur er á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga er skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum. Með sama hætti þarf að gera breytingar á samþykktum ef munurinn hefur haldist 5% eða meiri síðastliðin 5 ár. Enginn einn þáttur í álagsprófinu setur tryggingafræðilega stöðu sjóðsins niður fyrir -10% viðmiðið.

Niðurstöður álagsprófs:

	Tryggingafræðileg staða		Breyting tryggingafræðilegrar stöðu	
	31.12.2016	31.12.2015	31.12.2016	31.12.2015
Núverandi staða	-1,3%	2,6%	-3,9%	3,0%
Tryggingafræðileg krafa lækkuð úr 3,5% í 3,0%	-8,8%	-5,0%	-7,5%	-7,6%
Líftölur hliðrast um 2 ár	-7,0%	-3,4%	-5,7%	-6,0%
Örorkulíkur auknar um 10%	-2,0%	1,8%	-0,7%	-0,8%
Hækkun á vísitölu neysluverðs aukin um 0,5%	-2,9%	1,0%	-1,6%	-1,6%
Lækkun á gengisvísitölu um 10%	-2,9%	1,0%	-1,6%	-1,6%
Lækkun sjóðfélagalána um 10%	-1,6%	2,5%	-0,3%	-0,1%
